

UMFÍ



ÁRSSKÝRSLA 2024

45. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ | ÁRSREIKNINGUR 2023





EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	4
SAMBANDSAÐILAR UMFÍ	6

STEFNUMÓTUN

STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR	10
---	----

SVÆDISSTÖÐVAR

SVÆDISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHERAÐA	14
-----------------------------------	----

SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM	20
---------------------------------	----

MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ	24
ÍPRÓTTAVEISLA UMFÍ	28
LANDSMÓT UMFÍ 50+	30

FRÆÐSLA OG FORVARNIR

SJÁLFBODALIÐAR GERA GÆFUMUNINN	34
RÁÐSTEFNA ISCA	35
UNGMENNARÁÐ UMFÍ	37
SAMSTARFSVERKEFNI	39
VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF	43

MÍÐLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍPRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAGSHREYFINGARINNAR	46
ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF	48
MÁL SVARI HREYFINGARINNAR	49
FUNDIR OG SAMSKIPTI	51
SAMSTARFSADILAR	56

REKSTUR

SAMSTAÐA UM FRAMTÍÐ GETSPÁR - GETRAUNA	62
LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA	64
ÞRASTASKÓGUR	67
STUÐNINGUR STJÓRNVALDA	68
SJÓÐIR	70

MANNAUÐUR

STARFSFÓLK	74
STJÓRN OG NEFNDIR 2023-2025	75
VIÐURKENNINGAR	77
VERÐLAUN	79

ÁRSREIKNINGUR 2023

Áritun óháðs endurskoðanda	82
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	84
Rekstrarreikningur ársins 2023	86
Yfirlit um rekstur 2023	87
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	88
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023	90
Skýringar	91

LÖG UMFÍ

LÖG UMFÍ	102
----------------	-----

ÁVARP FORMANNS

Tæpt ár er síðan íþróttahreyfingin ákvað í sameiningu að stíga ný skref. Fara leið sem felur í sér stofnun átta svæðisstöðva íþróttahéraða í öllum landshlutum. Þetta er mikil breyting, sem mun skila sér í betra starfi. Hörmulegir atburðir síðustu vikur eru sem ákall til íþróttahreyfingarinnar. Þeir sýna öðru fremur mikilvægi þess að styrkja stoðir skipulags íþrótt- og æskulýðsstarfs og halda betur utan um börn og ungmenni en nokkru sinni.

BÚUM TIL TÆKIFÆRI

Frá síðasta sambandsþingi UMFÍ hafa farið fram fjórir mótaviðburðir og nokkrar ráðstefnur, bæði á vegum UMFÍ og í samstarfi við aðra. Allt eru þetta viðburðir og verkefni sem mynda tengsl og skapa tækifæri til að bæta starfið. Ég get nefnt samstarfsviðburði með ÍSÍ eins og Konur og íþróttir og kvannahitting í kjölfarið, ráðstefnu í tengslum við Reykjavíkurléika Íþróttabandalags Reykjavíkur, Allir með, sem er samstarf UMFÍ og ÍSÍ og Íþróttasambands fatlaðra, og margt fleira. Ætíð er leitast við að opna sem flestar dyr svo fleiri geti verið með og svo starfið batni.

Það var ánægjulegt að sjá hóp iðkenda með fötlun frá ÍBH sem skráði sig til leiks í körfubolta á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi. Margir þátttakenda í þessum hópi stigu út fyrir þægindaramma sinn og tóku þátt í sinni grein en prófuðu einnig nýjar greinar.

Það þarf kjark til að stíga inn um nýjar dyr. Það gerðu þátttakendurnir frábæru svo um munaði úr Hafnarfirði.

Landsmót UMFÍ 50+ er annar viðburður sem sam-einar fólk á besta aldri. Þessi rótgróni viðburður fór nú í fyrsta sinn fram í Vogum á Vatnsleysuströnd. Forsetahlaup UMFÍ og Drulluhlaup Krónunnar sýna líka að eftirspurn er eftir viðburðum þar sem gleðin er í fararbroddi.

Ráðstefnunni Ungt fólk og lýðheilsa er nýlokið. Þar upplifði ég kraftinn sem leysist úr læðingi þegar ungu fólki er gefið tækifæri til að koma að borðinu og treyst fyrir verkefnum. Ráðstefnan fór fram í húsnæði Skólaláða UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði. UMFÍ tók við rekstri búðanna sumarið

2022. Starfsfólk okkar þar er ungmennafélags-andinn holdi klæddur, töfrandi einstaklingar sem umfaðma alla þá næstum 4000 nemendur, kennara þeirra og annað forráðafólk sem þangað kemur á ári hverju til dvalar þar sem félagsfærni og samvinna er í forgrunni í allri dagskrá.

Ár er síðan bæði UMFÍ og ÍSÍ, með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis, ákváðu að efla starfsemi íþróttahéraða á landsvísu með stofnun svæðisstöðva íþróttahéraðanna og ráðningu tveggja starfskrafta á hverja stöð. Þetta var samstillt tækifæri íþróttahreyfingarinnar til tímabærra breytinga eftir umræður í áratugi og stöðnun og því mikið fagnaðarefni hversu mikill samhljómur var í hreyfingunni um ákvörðunina.

Vinna starfsfólks svæðisstöðva íþróttahéraðanna er nú farin af stað. Verkefnið er umfangsmikið og upplýsingaöflun í gangi. Í krafti þeirra upplýsinga munum við byggja ákvarðanir okkar. Ákvarðanir sem eiga að skila sér í betra starfi til að koma betur til móts við ólíkar þarfir iðkenda í bæði borg, bæ og sveit. Þá verða allir með. Þetta hefði aldrei verið hægt nema með styrkum stuðningi ráðuneytisins og breytingum á lottóreglugerðum bæði UMFÍ og ÍSÍ og vil ég þakka ráðherra sérstaklega fyrir aðkomu ráðuneytisins að verkefninu. Breytingar á lottófyrirkomulagi hafa nú nýlega tekið gildi og nú fá íþróttahéruð um allt land greitt samkvæmt sömu forsendum og eftir sams konar reglum hjá UMFÍ og ÍSÍ. Greining á fyrstu tveimur greiðslunum til sambandsaðila sýnir að hlutföll eru í samræmi við þær kynningar sem fóru fram fyrir þing UMFÍ og ÍSÍ í fyrra.

Öllum breytingum fylgir umrót. Það er eðlilegur þáttur í breytingaferlinu, þó að vissulega geti hann einnig tekið á. Við eigum að læra í umrótinu, nýta þekkinguna sem veitir okkur forskot, gefur okkur færi á að taka réttari ákvarðanir, betri ákvarðanir fyrir framtíðina, fyrir iðkendum og íþróttastarfið.

Samfélag okkar stendur á tímamótum. Stoðirnar hafa tekið að titra. Við þurfum að virkja betur þá félagslegu töfra sem samfélagið stendur á. Rannsóknir sína að töfrarnir felast í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, starfi sem hefur verndandi áhrif á líf barna okkar. Svæðastöðvar íþróttahéraðanna eru hlekkurinn sem styrkir alla keðjuna, bætir krafti við áhrifamátt töfranna og byggir brýr á milli íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda. Það verður bæði iðkendum og samfélaginu til góða.

Lærum og lifum, grípum tækifærin og vinnum saman að því að styrkja stoðirnar til að gera lífið betra. Það er ungmennafélagsandinn í verki.

Með ungmennafélagskveðju,

Jóhann Steinar Ingimundarson,
formaður UMFÍ.



SAMBANDSAÐILAR UMFÍ

UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar eru 25 talsins sem skiptast í 24 íþróttahéruð og eitt ungmennafélag með beina aðild.

Á 52. sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Húsavík árið 2021, var stjórn veitt heimild til að samþykkja aðild íþróttahéraða á milli þinga. Á árinu 2024 gengu tvö íþróttahéruð inn í samtökin. Íþróttabandalag Suðurnesja varð sambandsaðili UMFÍ í apríl og Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍBR) í maí.

Innan ÍS eru níu félag, þar á meðal Ungmennafélagið Þróttur Vogum og Ungmennafélag Grindavíkur, sem áður höfðu beina aðild að UMFÍ. Sú aðild féll niður og eiga félögin nú aðild að UMFÍ í gegnum ÍS.

ÍRB er sjötta íþróttabandalagið til að fá aðild að UMFÍ frá árinu 2019. Með aðild ÍRB að UMFÍ tók bein aðild Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, og Ungmennafélags Njarðvíkur að UMFÍ breytingum og eiga félögin aðild í gegnum ÍRB.

Með aðild ÍS og ÍRB að UMFÍ eiga nú 24 af 25 íþróttahéruðum landsins aðild að UMFÍ.

Á blaðsíðu 47 má sjá yfirlit yfir sambandsaðila, iðkendur, iðkanir, félaga ásamt fleiru.



**HÉRAÐSSAMBAND
BOLUNGARVÍKUR**
HSB



**HÉRAÐSSAMBANDIÐ
HRAFNA-FLÓKI**
HHF



**HÉRAÐSSAMBAND
SNÆFELLSNESS- OG
HNAPPADALSSÝSLU**
HSH



**HÉRAÐSSAMBANDIÐ
SKARPHÉÐINN**
HSK



**HÉRAÐSSAMBAND
STRANDAMANNA**
HSS



**ÍÞRÓTTABANDALAG
AKRANESS**
ÍA



**HÉRAÐSSAMBAND
VESTFIRÐINGA**
HSV



**ÍÞRÓTTABANDALAG
AKUREYRAR**
ÍBA



**HÉRAÐSSAMBAND
ÞINGEYINGA**
HSP



**ÍÞRÓTTABANDALAG
HAFNARFJARÐAR**
ÍBH



**ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR**
ÍBR



**UNGMENNASAMBAND
EYJAFJARÐAR**
UMSE



**ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJANESBÆJAR**
ÍRB



**UNGMENNASAMBAND
KJALARNESPINGS**
UMSK



**ÍÞRÓTTABANDALAG
SUÐURNESJA**
ÍS



**UNGMENNASAMBAND
SKAGAFJARÐAR**
UMSS



**UNGMENNA- OG
ÍÞRÓTTASAMBAND
AUSTURLANDS**
UÍA



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-HÚNVETNINGA**
USVH



**UNGMENNA- OG
ÍÞRÓTTASAMBAND
FJALLABYGGÐAR**
UÍF



**UNGMENNASAMBAND
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU**
USVS



**UNGMENNASAMBAND
AUSTUR-HÚNVETNINGA**
USAH



**UNGMENNASAMBANDIÐ
ÚLFLJÓTUR**
USÚ



**UNGMENNASAMBAND
BORGARFJARÐAR**
UMSB



**UNGMENNAFÉLAGIÐ
VESTURHLÍÐ**
V



**UNGMENNASAMBAND
DALAMANNA OG
N-BREIÐFIRÐINGA**
UDN



RIG IS
504
SCARPA
FJALLA KOFINN
THE POINT



STEFFNUMÓTUN

STEFNUMÓTUN - HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Árið 2021 kom út stefna sambandsins sem ber yfirskriftina Horft til framtíðar. Stefna UMFÍ fylgir starfsáætlun til næstu þriggja ára. Undir stefnuþáttunum fimm er að finna fjórtán markmið. Undir hverju markmiði eru sérstakar áherslur sem skiptast í aðgerðir.

STEFNUHÚS

Stefnuhús UMFÍ sýnir á myndrænan hátt hlutverk, gildi, framtíðarsýn og stefnuþættina sem stefna UMFÍ hvílir á. Starf þeirra félaga sem mynda UMFÍ snýst um að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþróttá-, félags- og æskulýðsstarfi.



VINNULAG STJÓRNAR OG NEFNDA


Starf stjórnar tekur mið af samþykktri starfsáætlun. Stjórn skipar í nefndir og eru í dag þrettán nefndir að störfum hjá UMFÍ. Hver nefnd er skipuð fulltrúum úr stjórn. Einstaklingar frá sambandsaðilum eru jafnframt í hverri nefnd. Fulltrúar UMFÍ sitja í nefndum, vinnuhópum og stjórnnum hjá bæði tengdum aðilum og stjórnvöldum.

Hver nefnd UMFÍ fær erindisbréf sem lýsir verkefni nefndarinnar og ábyrgðarsviði og tengingu nefndar við stefnu UMFÍ. Einnig eru tímasett viðmið í tengslum við aðgerðaráætlun ársins.

Á fundum stjórnar UMFÍ er farið yfir stöðu nefndarstarfs, tímaviðmiðin og stöðu verkefna.

SKIPURIT

Starfsemi þjónustumiðstöðva UMFÍ tekur mið af því skipuriti sem tók gildi í janúar 2023. Markmið þess er að skýra betur en áður ábyrgð og hlutverk starfsfólks UMFÍ.




77 af 90

aðgerðum er lokið

MARKMIÐ OG AÐGERÐARÁÆTLUN

Stefna UMFÍ samanstendur af 5 stefnuþáttum, 14 markmiðum, 37 undirmarkmiðum og aðgerðaráætlun. Yfirlitið sýnir fjölda markmiða og aðgerða fyrir árið 2024.







SVÆÐISSTÖÐVAR

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHERAÐA

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 voru samþykktar tillögur um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með því að koma á fót svæðisstöðvum íþróttahéraða. Landinu er skipt í 8 svæði og á hverju þeirra eru 2 - 4 íþróttahéruð. Tveir starfsmenn eru á hverri svæðisstöð.

AÐDRAGANDI

UMFÍ og ÍSÍ hafa til fjölda ára starfrækt vinnuhópa sem skoðað hafa stöðu íþróttahéraða í landinu. Á Íslandi eru 25 íþróttahéruð. Starfsemi þeirra er ólík og virkni þeirra sömuleiðis. UMFÍ og ÍSÍ hafa líka starfrækt nefndir sem hafa skoðað úthlutun fjármagns frá Íslenskri getsþá til íþróttahéraða. UMFÍ og ÍSÍ notuðu ekki sömu reglur og voru aðferðirnar mismunandi.

Á þingi UMFÍ árið 2021 var samþykkt tillaga sem fól í sér að á þingi 2023 skyldi leggja fram tillögu sem tæki á ofangreindum þáttum: Stöðu íþróttahéraða og aðferðum og reglum við úthlutun lottófjármuna. Sameiginlegar nefndir samtakanna sem í sátu hagsmunaaðilar um allt land, jafnt stórir sem smáir, komu að vinnunni. Niðurstaða vinnunnar voru tillögur sem tóku tillit til viðtækra sjónarmiða.

Í tillögunum var áhersla lögð á að niðurstaðan myndi tryggja aukið fjármagn út á land, að samræmdar reglur um lottó verði óháðar aðild að samtökunum, að sérstök áhersla verði lögð á að efla íþróttahéruð á landsvísu og uppfylla markmið samtakanna og stjórnvalda.

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 var tillagan lögð fram. Samþykkt var bæði á þingi ÍSÍ um vorið og um haustið á þingi UMFÍ að setja á laggirnar svæðisstöðvar til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Skilyrði fyrir verkefninu yrði að stjórnvöld myndu styðja fjárhagslega við það.

SAMNINGUR VIÐ STJÓRNVÖLD

Í kjölfar þings UMFÍ funduðu fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ með Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra. Á fundinum var lagt fram minnisblað og beiðni um stuðning ráðuneytisins við verkefnið. Skemmt er frá því að segja að ráðherra tók mjög vel á móti íþróttahreyfingunni og undir tillögurnar. Í desember 2023 undirritaði forsvarsfólk ÍSÍ og UMFÍ samning við mennta- og barnamálaráðuneytið um fjárhagslegan stuðning við verkefnið. Á sama tíma var fjármagn sett í sjóð sem ætlað er að styrkja verkefnið og áherslur þess.

HVATASJÓÐUR

Í tengslum við svæðisstöðvar íþróttahéraða lagði ráðherra til 140 m. kr. til tveggja ára í hvatasjóð þar sem hægt verður að sækja um styrki í tengslum við áherslur um fjölgun þátttakenda með fatlanir, af erlendum uppruna og af tekjulægri heimilum.

Búið er að útbúa reglugerð fyrir sjóðinn sem er til samþykktar hjá stjórnnum ÍSÍ og UMFÍ. Í framhaldinu verður fyrsta úthlutun auglýst.

TILGANGUR

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta með samræmdum hætti íþróttahéruðin í nærumhverfi hvers þeirra. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar í heild og geri hverju íþróttahéraði kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðli með þeim hætti að farsæld barna og allra þeirra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar.

SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHERAÐA

SAMSTARFSVERKEFNI ÍPRÓTTA-
OG ÓLYMPIUSAMBANDS ÍSLANDS
OG UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Í samningi við stjórnvöld segir að verkefninu sé ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins og við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og stefnu ríkisins í íþróttamálum. Þá eru einnig sérstakar áherslur á verkefni sem ætlað er að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir í íþróttum, börnum og ungmennum með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn og ná betur til yngri iðkenda af tekjulægri heimilum.

UNDIRBÚNINGUR

Í kjölfar þinganna skipuðu UMFÍ og ÍSÍ undirbúningshóp. Í honum sátu fulltrúar sem íþróttahéruðin frá hverju svæði tilnefndu, einn aðili frá hverju svæði.

Í undirbúningshópnum sátu:

- Bjarney Láru Bjarnadóttir - Vesturland
- Guðný Stefánía Stefánsdóttir - Vestfirðir
- Þorvaldur Gröndal - Norðurland vestra
- Gunnhildur Hinriksdóttir - Norðurland eystra
- Benedikt Jónsson - Austurland
- Helgi S. Haraldsson - Suðurland
- Rúnar V. Arnarson - Suðurnes
- Frímenn Ari Ferdinandsson - Höfuðb.svæðið

Hópurinn vann náð með ráðgjafafyrirtækinu Intellecta og var verkefni hans að útbúa tillögur um fyrirkomulag tengt stjórnsýslu, starfsfólki, verkefnum svæðisstöðvanna og mælikvarða.

Þegar tillögur undirbúningshópsins lágu fyrir réðu ÍSÍ og UMFÍ sameiginlega verkefnastjóra, sem hafði það hlutverk að stýra innleiðingu og samræmingu verkefnisins. Hanna Carla Jóhannsdóttir var ráðin og tók hún til starfa vorið 2024.



Þegar störfin 16 á svæðisstöðvunum 8 voru auglýst bárust rúmlega 200 umsóknir. Hagvangur sá um ráðningarferlið í samstarfi við Hönnu Cörlu, verkefnastjóra svæðisstöðvanna. Öll íþróttahéruð fengu tækifæri til þess að senda inn fulltrúa til samráðs í ráðningarferlinu og nýttu flest héruð sér það. Í maí var búið að ráða starfsfólk á flestum stöðum. Svæðisstöðvarnar eru með þeim hætti að þar eru tveir starfsmenn í 100% stöðugildi á hverju svæði. Mismunandi er eftir svæðum í hvaða bæjarfélagi starfsstöð viðkomandi einstaklinga er.

Fyrstu vikur starfsins tengdar starfsstöðvunum einkendust af samtölum og greiningarvinnu, ítarlegri vinnu með íþróttahreyfingunni og hagaðilum hennar. Búið er að fullgera aðgerðaráætlanir fyrir hvert svæði og eru þjónustusamningar við íþróttahéruðin innan hvers svæðis í vinnslu.

STARFSFÓLK

Nærri því allt starfsfólk svæðisstöðva íþróttahéraðanna hóf störf í byrjun ágúst 2024. Þetta á við um 14 einstaklinga, sem mættu á sérstökum starfsdegi verkefnisins í ágúst. Eftir þann tíma var gengið frá ráðningu tveggja einstaklinga sem upp á vantaði.

SVÆDISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHERAÐA

SAMSTARFSVERKEFNI ÍPRÓTTA-
OG ÓLYMPIUSAMBANDS ÍSLANDS
OG UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

LANDSHLUTI

Héruð
Sveitarfélög / Íbúar
Starfsfólk

VESTFIRÐIR

HHF, HSB, HSS, HSV
9 / 7.372

Birna F. S. Hannesdóttir
Guðbjörg Ebba Högnadóttir



VESTURLAND

HSH, ÍA, UDN, UMSB
9 / 17.497

Álfheiður Sverrisdóttir
Heiðar Mar Björnsson



HÖFUÐBORGAR SVÆÐIÐ

ÍBH, ÍBR, UMSK
7 / 247.241


Íris Svavarsdóttir
Sveinn Sampsted



SUÐURNES

ÍRB, ÍS
4 / 30.979

Petra Ruth Rúnarsdóttir
Sigurður F. Gunnarsson



NORÐURLAND VESTRA

UMSS, USAH, USVH
5 / 7.452

Halldór Lárusson
Sigríður Inga Viggósdóttir



NORÐURLAND EYSTRÁ

ÍBA, HSP, UÍF
11 / 31.793

Hansína Þóra Gunnarsdóttir
Þóra Pétursdóttir



AUSTURLAND

UÍA, USÚ
5 / 13.679

Erla Gunnlaugsdóttir
Jóhanna Íris Ingólfssdóttir



SUÐURLAND

HSK, ÍBV, USVS
14 / 31.366

Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir
Rakel Magnúsdóttir







SKÓLABÚÐIR

SKÓLABÚÐIR UMFÍ Á REYKJUM

UMFÍ hefur starfrækt Skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði frá haustinu 2022. Frá þeim tíma hefur starfsemi og umfang þeirra vaxið hratt. Í dag er rekstur skólabúðanna án nokkurs vafa stærsta og umfangsmesta verkefni UMFÍ.

Sem dæmi um umfang Skólabúðanna má nefna að á skólaárinu 2023 – 2024 sóttu þær um 3.500 nemendur í 7. bekk auk umsjónarfólks. Gera má ráð fyrir svipuðum fjölda í skólabúðirnar á yfirstandandi skólaári og er fullbókað í þær. Í Skólabúðunum eru átta heilsársstörf, auk eins starfsmanns sem vinnur í verktöku.

Starfsmannahópurinn í Skólabúðum UMFÍ hélt óbreyttur á milli skólaára og með því varðveitist góð þekking og reynsla á milli skólaára. Þessi festa hjálpar til við að skapa nemendum jákvæða upplifun og góðar minningar af dvöl þeirra á Reykjum.

Frá því að UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum hefur sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði þeirra. Frá fyrsta degi hefur iðnaðarfolk verið að störfum á svæðinu og hafa gestir sem komið hafa reglulega á Reyki á undanförunum árum orðið varir við miklar breytingar á húsakynnum. Búið er að umbylta allri aðstöðu fyrir kennara og aðra gesti með það að markmiði að bæta upplifun þeirra á staðnum. Skipt hefur verið um glugga í heimavist, vistarverur verið málaðar og skipt um gólfefni í stórum hluta alls húsnæðis á staðnum. Þá hefur húsbúnaður verið endurnýjaður. Keypt voru ný rúm, dýnur, rúmföt og eldhúsinnréttingar. Aðstaða og tæki í eldhúsi hafa verið stórbætt. Í febrúar síðastliðnum var sett upp hjólastólalyfta í elsta húsinu, Ólafshúsi og hefur hún bætt mjög aðgengi fólks í hjólastólum að matsal Skólabúðanna. Enn fremur hefur verið ráðist í endurbætur á íbúðum í heimavistinni Grundinni, sem ætlaðar eru starfsfólki, kennurum og fylgdarfólki nemenda.









MÓTAHALD OG VIÐBURÐIR

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus íþróttá- og fjölskylduhátíð fyrir keppendur á aldrinum 11-18 ára. Mótið var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina, dagana 1. - 4. ágúst. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

Ómar Bragi Stefánsson var framkvæmdastjóri mótsins eins og fyrri ár. Silja Úlfarsdóttir var ráðin verkefnastjóri mótsins, sem ásamt framkvæmdanefnd Unglingalandsmótsins, stóð fyrir skipulaginu. Starfsfólk og stjórn UMFÍ komu einnig að framkvæmd mótsins.

Í framkvæmdanefnd voru:

- Guðrún Hildur Þórðardóttir (UMSB) - formaður
- Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir (UMSB) - ritari
- Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir (UMSB) - gjaldkeri
- Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir (UMSB) - keppnisstjórn
- Raket Guðjónsdóttir (UMSB) - keppnisstjórn
- Kristján Guðmundsson (UMSB) - afþreyingarstjórn
- Ernir Daði Arnberg Sigurðsson (UMFÍ) - afþreyingarstjórn
- Sæunn Ósk Kjartansdóttir (UMSB) - tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Heiðar Örn Jónsson (UMSB) – tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Gunnar Örn Kárasón (UMSB) - veitingastjórn
- Sóley Baldursdóttir (UMSB) - svæðisstjórn
- Ámundi Sigurðsson (Borgarbyggð) - svæðisstjórn
- Ragnheiður Högnadóttir (UMFÍ)
- Raket Másdóttir (UMFÍ)

Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður nefndarinnar.

Keppendur á mótinu voru 982 og er áætlað að mótsgestir hafi verið um 5.000 í heildina.

Undirbúningur Unglingalandsmóts UMFÍ hófst á haustdögum 2023 með skipan framkvæmdanefndar. Í henni sátu fulltrúar UMFÍ, UMSB og Borgarbyggðar. Nefndin var skipuð öflugum einstaklingum sem eiga öll miklar þakkir fyrir þeirra vinnuframlag. Einnig var aðkoma Bjarneyjar Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra UMSB, veruleg og ber að þakka henni sérstaklega. Framkvæmdanefndin skipti með sér verkum.

SKRÁNINGARKERFI ABLER

Í undirbúningi mótsins var skráningarkerfi mótsins uppfært töluvert með samningi við fyrir-tækið Abler.

FYRIRKOMULAG MÓTSINS

Unglingalandsmót UMFÍ hófst á fimmtudegi og því lauk á sunnudagskvöldi. Mótssetning var á föstudagskvöldi og heiðraði Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og maki hennar, mótsgesti með nærveru sinni. Þetta var einn af fyrstu viðburðum Höllu í embætti forseta Íslands en hún tók við embætti daginn áður.

Keppnisaðstæður í Borgarnesi voru mjög góðar. Engu að síður þótti íþróttahúsið full lítið til að bera sumar keppnisgreinar og þá aðsókn sem fylgdi mótahaldinu. Með góðum og lausnamiðuðum hætti leystist málið.

Mótsstjórn hafði aðstöðu í grunnskólanum í nálægð við íþróttasvæðið og þar var einnig aðal veitingasalan á mótinu. Í grunnskólanum var frábær aðstaða til að slappa af og njóta bæði útsýnis og þess sem mótið hafði upp á að bjóða. Þar var líka gestum og gangandi boðið upp á að fylgjast með útsendingum frá Ólympíuleikunum, sem fram fóru í París á sama tíma. Þetta fyrir-komulag mæltist mjög vel fyrir hjá mótsgestum.

SKRÁNINGAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

	KK	KVK	ALLS
HHF	8	7	15
HSH	26	25	51
HSK	52	79	131
HSS	4	6	10
HSP	9	15	24
ÍA	9	9	18
ÍBA	38	47	85
ÍBH	13	24	37
ÍBR	51	40	91
ÍRB	11	22	33
UDN	10	11	21
ÚÍA	10	14	24
ÚÍF	0	1	1
UMSB	57	62	119
UMSE	22	34	56
UMSK	54	31	85
UMSS	22	19	41
USAH	15	10	25
USÚ	1	16	17
USVH	9	0	9
USVS	21	9	30
Án héraðs	23	36	59
	465	517	982

Tjaldsvæði Unglingalandsmóts UMFÍ var á Kárastöðum, sem er um 3 km frá mótssvæðinu í Borgarnesi. Í aðdraganda mótsins rigndi gríðarlega mikið á svæðinu og varð tjaldsvæðið mjög erfitt yfirferðar. Verktakar voru fengnir til að leggja og styrkja akvegi á svæðinu og skipta því upp með gröfnum skurðum til að dreina svæðið. Þrotlaus vinna í nokkra daga skilaði góðum árangri. Engu að síður var mikil bleyta á túninu, sem gerði öllum þeim erfitt fyrir sem þar gistu.

Mótsslit fóru fram hjá samkomutjaldi á sunnudegi. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, tilkynnti að þátttakendur Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) hefðu unnið Fyrirmyndarbikar UMFÍ. Hluti þátttakenda tók við bikarnum. Að því loknu sleit Jóhann Steinar mótinu og flugeldum var skotið á loft.

Sérstakt mótsblað var gefið út með helstu upplýsingum um Unglingalandsmótið, greinum og afþreyingu ásamt ávörpum frá fulltrúum UMFÍ, UMSB og Borgarbyggðar. Blaðinu var dreift til þátttakenda og þeirra sem á svæðinu voru.

SAMSTARFSAÐILAR

Helstu samstarfsaðilar á mótinu voru: Íslensk getsþá og Getraunir – Nettó – CCEP – Mjólkursamsalan – Arion banki – Sjóvá – Límtré Vírnet.

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru eftirfarandi: Badminton, bogfími, borðtennis, frjálsar íþróttir, glíma, golf, grasblak, grashandbolti, hestaíþróttir, hjólreiðar, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, pílukast, skák, stafsetning, sund og upplestur. Auk þess var fjöldi opinna viðburða í boði bæði fyrir þátttakendur og mótsgesti.

982
þátttakendur

AFPREYING OG TÓNLEIKAR

Dagskráin á mótinu var mjög fjölbreytt. Auk keppnisgreina voru í boði dagskrárliðir sem höfðu til flestra mótsgesta á ýmsum aldri. Tónlistin skipaði stóran sess en fram komu Jón Jónsson, Friðrik Dór, GDRN, DJ Ísak & Ernir, Sigga Ózk, Meginstreymi, Björgvin Harðarson, Júlí Heiðar og Orri Sveinn. Auk tónlistar var opið leiksvæði í Skallagrímssgarði og kynningar á ýmsum greinum. Þar á meðal Pickleball, blindrabolta, folfi, axarkasti, LED badmintonfjóri, jóga, danssmiðju, sundlaugapartýi, fjölskylduskokk, glímukynning, brettafjör, bæjarganga, fótboldi, körfubolti, sund og frjálsar fyrir yngri systkini auk hæfileikasviðs.

HEILDARFJÖLDI ÞÁTTAKENDA

2024	Borgarnesi	982
2023	Sauðárkrókur	1.018
2022	Selfoss	959
2021	Selfoss	Frestað
2020	Selfoss	Frestað
2019	Höfn í Hornafirði	960



90%

þáttakenda myndu mæla með mótinu við aðra

87%

þáttakenda fannst framkvæmd mótsins takast mjög vel eða vel

33%

þáttakenda var að koma í fyrsta sinn

96%

þáttakenda líkaði að vera á mótinu



ÍÞRÓTTAVEISLA UMFÍ

Íþróttaveisla UMFÍ er yfirheiti yfir styttri viðburði á vegum UMFÍ og ýmissa samstarfsaðila, hvort heldur eru aðildarfélög sambandsaðila UMFÍ eða fyrirtæki.

DRULLUHLAUP KRÓNUNNAR

Þessi viðburður hefur verið haldinn frá árinu 2022 og ávallt í Mosfellsbæ. Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Aftureldingar, aðildarfélags UMSK ásamt því að Krónan er samstarfsaðili. Fyrirtækið sér um hönnun kynningarefnis í samstarfi við UMFÍ, greiðir allan kynningarkostnað og fyrir afþreyingu. Að þessu sinni var hlaupið haldið 17. ágúst.

Þetta er drulluskemmtilegur viðburður þar sem fjölskyldan vinnur saman að því að komast í mark í skítugasta hlaupi ársins. Brautin er um 3,5 km löng með um 20 þrautum sem þarf að komast yfir.

Þátttaka hefur aukist ár hvert, voru fyrsta árið 400 talsins en nú um 1.000. Þáttökugjald var kr. 3.500 krónur fyrir einstakling en 7.000 krónur fyrir hópa. Hópur er skilgreindur sem allt að fjórir.

Aðkoma UMFÍ felst í að hafa yfirumsjón með undirbúningi og leggja línur viðburðarins eftir gildum UMFÍ. Töluverð vinna fór í það síðustu dagana fyrir mótið að setja upp brautir og tryggja að allt væri klárt á laugardagsmorgni þegar hlaupið hófst. Ekki náðist að ljúka viðgerðum við sundlaugina í Mosfellsbæ í tæka tíð og var hún af þeim sökum lokuð á meðan mótinu stóð. Í stað þess voru settar upp útisturtur svo þátttakendur gætu skolað af sér mestan skítinn.

Hlaupið tókst afskaplega vel og voru þátttakendur allir brosandir þegar komið var í mark.

FORSETAHLAUP UMFÍ

Forsetahlaup UMFÍ er árlegur fjölskylduviðburður sem haldinn hefur verið frá árinu 2022 á tveimur stöðum. Árið 2022 var hann haldinn á Álftanesi, árið 2023 á Patreksfirði og síðan aftur á Álftanesi í ár. Hlaupið fór fram 9. maí.

Forsetahlaup UMFÍ er hugsað með þeim hætti að allir sem vilja geti tekið þátt í því á sínum forsendum. Vegalengdin er ákveðin á hverjum keppnisstað og er engin tímataka. Þáttökugjaldið er afar sanngjarnt en börn greiða 500 krónur og fullorðnir 1.500 krónur. Þegar þátttakendur koma í mark fá þeir þáttökupening.

UMFÍ skipuleggur hlaupið með starfsfólki forsetaembættisins og heimafólki á þeim stöðum þar sem hlaupið er haldið. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur tekið þátt frá upphafi og hlaupið allar vegalengdir sem í boði eru. Að þessu sinni bættust nokkrir forsetaframbjóðendur við í hópin.

Um 250 þátttakendur tóku þátt í Forsetahlaupi UMFÍ á Álftanesi í ár.

250
þátttakendur

1.004
þátttakendur



LANDSMÓT UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni, hreyfingu og öðru sem hvetur fólk á besta aldri til að hafa gaman saman. Þetta var 12. skiptið sem mótið var haldið og jafnframt fyrsta skipti sem það var haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd. Mótið fór fram dagana 6. - 9. júní og voru mótshaldarar UMFÍ, Ungmennafélagið Þróttur (UMFÞ) og sveitarfélagið Vogar.

Í framkvæmdanefnd mótsins voru:

- Petra Ruth Rúnarsdóttir (UMFÞ) - formaður
- Helga Ragnarsdóttir (UMFÞ) - ritari
- Rósa Sigurjónsdóttir (UMFÞ) - gjaldkeri
- Guðmundur Stefánsson (UMFÞ, keppnisstjóri
- Sólrún Ósk Árnadóttir (UMFÞ) - keppnisstjóri
- Marteinn Ægisson (UMFÞ) – gisti-, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Kristinn Björgvinsson (UMFÞ) – gisti-, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjórn
- Jóhann Ingimar Hannesson (UMFÞ) - svæðisstjórn
- Tinna Hallgrímsdóttir (UMFÞ) - afþreyingarstjórn
- Ragnheiður Högnadóttir (UMFÍ)

Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri mótsins.

Undirbúningur mótsins hófst síðari hluta árs 2023 en komst á fullt skrið á vormánuðum 2024. Fulltrúar UMFÍ, Ungmennafélagsins Þróttar og sveitarfélagsins Vogum skipuðu framkvæmdanefnd sem vann ötullega að undirbúningi mótsins. Töluverð vinna var á formanni og framkvæmdastjóra Þróttar í þessu ferli.

HEILDARFJÖLDI ÞÁTTAKENDA

2024	Vogum á Vatnsleysuströnd	308
2023	Stykkishólmur	306
2022	Borgarnes	216
2021	Borgarnes	Frestað
2020	Borgarnes	Frestað
2019	Neskaupstaður	266

Ljómandi góð þátttaka var á mótinu en 308 þátttakendur tóku þátt. Flestir gistu á höfuðborgar-svæðinu og því minna um samveru þátttakenda en ella. Hins vegar var öflug dagskrá heimamanna og meðal annars boðið upp á heimatónleika, götubita-fjör og söngstund auk hins geysivinsæla matar- og skemmtikvölds, sem er orðinn fastur liður í dagskrá mótsins. Baldur og Júlíus Guðmundssynir, synir tónlistarmannsins Rúnars Júlíussonar, héldu uppi skemmtilegri dagskrá með ýmsum lögum og sögum.

Dagskrá mótsins var nokkuð fjölbreytt en hefðbundin frá síðustu mótum. Töluvert var af opnum viðburðum og kynningum á nýjum greinum sem þátttakendur sýndu áhuga. Þar má nefna keilu, pokavarp, strandarhlaup, göngufótbolta og grasblak.

Aðstaða í Vogunum var mjög góð fyrir allar keppnisgreinar en aðstaða fyrir frjálsar íþróttir var þó síst. Allar keppnisgreinar gengu ágætlega fyrir sig og var keppnisskapið oft verulegt. Ungmennafélagsandinn var þó allsráðandi á þessu móti eins og oft áður.

SAMSTARFSADILAR

Helstu samstarfsaðilar á mótinu voru: Íslensk getspá og Getraunir – Algalíf – Blue car.

Í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ var gefið út sérstakt mótsblað með ávörpum, helstu upplýsingar um mótið ásamt auglýsingum og styrktarlínum.

308

þátttakendur

KEPPNISGREINAR

Keppnisgreinar voru eftirfarandi: Boccía, borðtennis, bridds, frísbíggolf, frjálsar íþróttir, gólf, hjólreiðar, kasína, línudans, petanque, pílukast, pútt, pönnu-kökubakstur, ringó, skák, stígvélakast, strandarhlaup og sund.

SKRÁNINGAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

	KK	KVK	ALLS
HHF	0	1	1
HSH	1	2	3
HSK	15	26	41
HSS	1	4	5
HSV	2	9	11
HSP	0	4	4
ÍA	5	4	9
ÍBH	0	7	7
ÍBR	16	21	37
ÍRB	11	8	19
IS	7	17	24
Keflavík	0	8	8
Njarðvík	0	1	1
ÚÍA	1	1	2
UMSB	19	11	30
UMSE	0	4	4
UMSK	26	22	48
UMSS	0	2	2
USAH	1	3	4
USÚ	0	2	2
USVH	5	3	8
Vesturhlíð	0	4	4
Án héraðs	19	15	34
	129	179	308





FRÆÐSLA OG FORVARNIR

SJÁLFBODALIÐAR GERA GÆFUMUNINN

Starf sjálfbodaliða er lykilorð í starfi UMFÍ. UMFÍ fékk samþykka umsókn til að taka þátt í sjálfbodaliðaverkefni European Solidarity Corps í nóvember 2023. Stjórn og starfsfólk heimsótti grasrótarsamtökin ISCA í ágúst 2024 til þess að kynna sér starf þeirra með sjálfbodaliðum.

UMFÍ sótti um styrk til Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins fyrir fræðsluferð stjórnar og starfsfólks til grasrótarsamtakanna International Sport and Culture Association (ISCA). Markmiðið var að fræðast um það hvernig ISCA auglýsir og tekur á móti sjálfbodaliðum í gegnum styrktarverkefnið European Solidarity Corps. Áætlunin er fyrir ungt fólk sem vill sýna samstöðu á fjölbreyttum vettvangi og nýtir ISCA hana til að fá styrki fyrir sjálfbodaliða. Styrkir ISCA skila því að mörg hundruð einstaklingar, aðallega frá Austur-Evrópu og löndum Norður-Afríku, senda inn umsóknir.

Markmið ferðar stjórnar og starfsfólks UMFÍ var að fræðast og auka þekkingu stjórnar og starfsfólks UMFÍ á styrkjaáætluninni en búa á sama tíma til tækifæri fyrir nýja reynslu með virkri þátttöku. Einnig var horft til þess að reynslan gæti nýst í fjölbreyttu starfi UMFÍ, ekki síst í Skólabúðunum á Reykjum. Í ljósi þess að UMFÍ rekur Skólabúðir var einnig áhugavert að sjá og læra af öðrum hvernig aðrir reka sambærilegar búðir. Í því skyni var farið í heimsókn í lýðháskólann í Ollerup.

GÓÐUR ÁVINNINGUR

Verkefnið skilaði töluverðum árangri. Markmið úr stefnumótun UMFÍ um þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og samstarf eru þar ofarlega á blaði. Stuðningur Erasmus+ áætlunarinnar var lykilforsenda þess að farið var í ferðina.

Óformleg nálgun, samvera og samtöl þjöppuðu stjórn og starfsfólki UMFÍ betur saman en áður. Þetta var sérstaklega eftirtektarvert nú þar sem starfsfólk Skólabúðanna á Reykjum var með í för og mynduðust mun betri tengsl en áður hafði verið.

UMFÍ leitar sífellt nýrra leiða til að mæta breyttu samfélagi og uppfylla síbreytilegar þarfir. Gera má ráð fyrir því að sú þekking sem varð til innan UMFÍ á starfi ISCA og háttá í Ollerup og varða skipulagningu og vinnu með sjálfbodaliðum verði á einhverjum tímamarki innleidd í starf UMFÍ.



UMFÍ leggur áherslu á verðmæti sjálfbodaliðastarfsins enda hefur það verið grundvöllur starfseminnar alla tíð og mikilvægasti þátturinn í starfi hreyfingarinnar.

RÁÐSTEFNA ISCA

Fulltrúar starfsmanna og stjórnar UMFÍ fóru á ráðstefnu ISCA í Madrid á Spáni í nóvember 2023. Ráðstefnan er ein af fáum ráðstefnum sem haldin er eingöngu um íþróttir og hreyfingu á grasrótastigi.

ÁHERSLUATRIÐI

Af hálfu UMFÍ voru áherslur ferðarinnar og markmið tvíþætt. Annars vegar miðaði það að því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og um leið efla persónuleg tengsl við fólk á ráðstefnunni. Hins vegar var stefnt að því að efla starfsandann og samstöðu í starfsmannahópi UMFÍ. Öllu starfsfólki á báðum þjónustumiðstöðvum UMFÍ var boðið að taka þátt í verkefninu auk formanns UMFÍ og formanni framkvæmdastjórnar UMFÍ.

Þátttakendur voru sammála um að gott og gagnlegt sé að spegla sig í verkefnum annarra þjóða. Ljóst var að áskoranir UMFÍ eru svipaðar þeim sem félagasamtök á hinum Norðurlöndunum standa frammi fyrir. Starfsfólk UMFÍ fékk þarna innblástur til að vinna í meiri mæli að lausn verkefna í sameiningu og ná árangri. Það á sem dæmi við um alþjóðlegt verkefni um börn af erlendum uppruna á Íslandi. Á ráðstefnunni var sömuleiðis talsverð áhersla á andlega heilsu. Áhugavert verður að fylgjast með því hvort ný samstarfsverkefni verði til í framtíðinni sem UMFÍ verður þátttakandi að.





UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Ungmennaráð UMFÍ er skipað 14 ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára.

Við skipan í ráðið er horft til jafnrar aldursdreifingar, kyns og búsetu.

Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn eftir hvert Sambandsþing UMFÍ.

Hlutverk ráðsins er að vera stjórn UMFÍ til ráðgjafar í málefnum ungs fólks, framfylgja stefnu UMFÍ varðandi ungt fólk og standa fyrir viðburðum fyrir ungt fólk. Á árinu fundaði ráðið 11 sinnum ýmist í gegnum fjarfundarbúnað eða í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Á starfstímabilinu urðu þær breytingar á fulltrúum ráðsins að þau, Dagur Björgvin Jónsson, Guðný Óladóttir og Ísleifur Auðar Jónsson bættust við ráðið skömmu fyrir ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðheilsu.

UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa var haldin í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrutafroði dagana 20.–22. september 2024. Umfjöllunarefnið þar voru þrjú þættir lýðheilsu: Líkamleg-, andleg- og félagsleg heilsa.

Þátttakendur voru ungt fólk frá öllum landshlutum á aldrinum 15 – 25 ára. Auk þeirra tók starfsfólk ungmennaráða virkan þátt allan tímann auk ýmissa þingmanna og áhrifafólks. Þátttakendur voru um hundrað og hefur fjöldinn aldrei verið meiri á þeim 15 árum sem ráðstefnan hefur verið haldin.

Markmið ungmennaráðstefnunnar Ungt fólk og lýðheilsa var að efla vitund ungs fólks á öllum þáttum heilsu, þ.e. líkamlegri-, andlegri- og félagslegri heilsu. Einnig var markmiðið að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og ræða um það hvernig ungt fólk getur lagt sitt að mörkum til þess að bæta lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góð. Þátttakendur hafi aukið félagslega hæfni sína og lært að vinna með ýmis gildi, á borð við samstöðu, lýðræði og viðnáttu. Ákveðið form af valdeflingu hafi falist

í þátttökunni. Þátttakendur fái þar tækifæri til að mynda sér skoðanir og koma þeim á framfæri við jafningja og ráðafólk. Með þessum hætti veitir ráðstefnan þátttakendum tækifæri til að hlusta á ólíkar upplifanir og sjónarmið, brjóta ísinn í samskiptum við annað fólk og fara út fyrir þægindarammann.

Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni, sem fór fyrst fram árið 2009. Ráðstefnan var styrkt af Erasmus+.

Dagskrá ungmennaráðstefnunnar var afar fjölbreytt og innihélt meðal annars mikið hópefli og samveru, kynningar, uppörvandi og hvetjandi málstofur, samveru, skemmtun við varðeld og alls konar upplifun.

MAGNAÐUR FRÓÐLEIKUR

Nokkrir fyrirlesarar komu á ráðstefnuna og fluttu ávörp og stýrðu málstofum.

Ólympíufarinn Anton Sveinn McKee hélt erindi á laugardegi ráðstefnunnar um sundferil sinn og þeim þáttum heilsunnar sem skiptir máli að hlúa að til þess að ná árangri. Auk þess fóru fram þrjár málstofur. Ein fjallaði um líkamlega heilsu, önnur um andlega heilsu og sú þriðja um félagslega heilsu.

Eftirfarandi höfðu umsjón með málstofunum: Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta og einkaþjálfari, fór yfir mikilvægi líkamlegrar heilsu og ræktunarstarfsins í musterinu okkar, þ.e.a.s. í líkamanum; Aldís Arna Tryggvadóttir, markþjálfari og streituráðgjafi, einblíndi á gleðina og fjallaði um tilfinningar fólks. Hún fór líka yfir aðferðir sem fólk getur tileinkað sér til þess að verða eigin gleðimálaráðherra. Að lokum fór Sabína Steinunn Halldórsdóttir, íþróttá- og heilsufræðingur og kennari, yfir mikilvægi félagslegra tengsla, þátttöku í félagsstarfi og mikilvægi þátttöku í samfélaginu.

KAFFIHÚSASPJALL MEÐ RÁÐAFÓLKI

Á sunnudeginum fór fram kaffihúaspjall þar sem ráðstefnugestum gafst tækifæri til að ræða við ráðherra, þingmenn og áhrifafólk á jafningjagrunðvelli. Jafnframt fengu gestirnir tækifæri til þess að heyra raddir og skoðanir ungmenna.

Gestirnir voru:

- Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra
- Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata
- Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata og talsmaður barna á Alþingi
- Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks
- Eva Dögg Davíðsdóttir, þingmaður Vinstri grænna
- Logi Einarsson, þingmaður Samfylkingar
- Helgi Ómarsson, ljósmyndari, hlaðvarpsstjórnandi og tískubloggari
- Kristófer Þorgrímsson spretthlaupari
- María Rut Kristinsdóttir, varþingmaður Viðreisnar og stofnandi Hinseginleikans
- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ

GÆÐAVIÐURKENNING TIL UNGMENNARÁÐS UMFÍ

Uppskeruhátíð evrópskra samstarfsverkefna fór fram í Kolaportinu í Reykjavík miðvikudaginn 11. maí. Hátíðin var haldin í tilefni af 30 ára afmæli EES-samstarfsins og skipulögð af Rannís, Utanríkisráðuneytinu, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og sendinefnd ESB á Íslandi.

Mörg hundruð gestir sóttu hátíðina í Kolaportinu og kynntu sér árangur yfir 40 samstarfsverkefna milli Íslands og Evrópusambandsins á síðastliðnum 30 árum. Auk fulltrúa fyrirtækja og stofnana voru ýmis sendiráð Evrópuríkja með bása í afmælinu og buðu gestum og gangandi upp á gómsætar kræsingar og upplýsingar um löndin, matarmenningu þar og þau verkefni sem unnin hafa verið á Íslandi. Ungmennaráð UMFÍ var með kynningarbás á hátíðinni þar sem ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var kynnt fyrir gestum og gangandi. Á hátíðinni hlaut Ungmennaráð UMFÍ gæðaviðurkenningu fyrir ráðstefnuna og þykir hún ein af fyrirmyndarverkefnum Erasmus+.

SKEMMTIFOLFMÓT

Ungmennaráð UMFÍ stóð fyrir skemmtifolfmóti fyrir ungmenni fimmtudaginn 8. ágúst 2024. Mótið, sem fór fram á Hvanneyri í Borgarfirði, fór fram með svokölluðum Texas Scramble-hætti.

Tveir og tveir voru saman í liði og köstuðu báðir folfdiskum sínum. Þátttaka var góð. Að móti loknu var boðið upp á grillaðar pylsur og skelltu allir þátttakendur sér í Hreppslaug áður en haldið var aftur heim.

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ, sagði viðburðinn hafa tekist mjög vel. Þarna hafi komið saman ungmenni sem þekktust ekki og átt saman góða stund.

Þetta var í þriðja sinn sem Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir viðburði eins og folfmótinu.

96%

Þátttakenda mæla með ráðstefnunni við aðra.

85%

Þátttakenda lærðu eitthvað nýtt.

92%

Þátttakenda fannst dagskrá ráðstefnunnar mjög góð eða góð.

SAMSTARFSVERKEFNI

UMFÍ leggur áherslu á að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. UMFÍ leggur einnig áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum.

ALLIR MEÐ

Markmið verkefnisins er að efla íþróttaástandun fólks með fötlun, sérstaklega barna og ungmenna. Veittar eru 60 m.kr. til verkefnisins í þrjú ár.

Þeir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, undirrituðu í desember 2022 samstarfsyfirlýsingu um verkefnið Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið. Undir samninginn rituðu einnig Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Þórður Árni Hjaltsted, formaður Íþróttasambands fatlaðra (ÍF).

Íþróttasamband fatlaðra er ábyrgðaraðili verkefnisins og er það unnið í samstarfi við UMFÍ og ÍSÍ. Bakhjarlar eru fyrrgreind ráðuneyti, ÍSÍ, UMFÍ auk ÖBÍ og Þroskahjálpar.

Markmið verkefnisins er að öll börn og ungmenni eigi möguleika á að taka þátt í íþróttum í samræmi við óskir þeirra og þarfir. Áhersla er á að börnum og ungmennum með fötlun verði gert kleift að stunda íþróttir með ófötluðum börnum kjósi þau svo.

Aðgerðirnar byggja á tillögum sem fram komu á ráðstefnunni Farsælt samfélag fyrir alla – tækifæri barna og ungmenna í íþróttastarfi. Aðgerðaáætlun var í kjölfarið unnin um fulla þátttöku og virkni fólks með fötlun á forsendum eigin getu.

Valdimar Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri verkefnisins og vannur hann að framgangi aðgerðanna í samstarfi við sveitarfélög og íþróttafélög um land allt. Verkefnið hefur hlotið nafnið Allir með, sem er skírskotun til þess að íþróttahreyfingin opni dyrnar fyrir alla – og að allir geti verið með.

Í vinnuhópi verkefnisins sitja Anna Karólína Vilhjálmisdóttir fyrir hönd ÍF, Ragnheiður Sigurðardóttir frá UMFÍ og þau Þórarinn Alvar Þórarinsson og Ragnhildur Skúladóttir fyrir hönd ÍSÍ. Vinnuhópurinn fór á árinu til Slóvakíu í tengslum við verkefnið og fékk þar fræðslu og kynningu á því hvernig íþróttahreyfingin í Slóvakíu skipuleggur sína vinnu og verkefni. Ferðin var hluti af styrkveitingu sem ÍF hlaut.

Verkefnið hefur farið vel af stað og 15 verkefni um allt land hafa fengið styrk til þess að koma af stað starfsemi innan sinna raða. Verkefnið eru í 12 sveitarfélögum. 13.750 þúsund er upphæð þeirra styrkja sem veittir hafa verið.

Í ár var umfjöllunarefni á ráðstefnu Reykjavíkurléikanna (RIG) tengt verkefninu en þar var spurt hvort pláss væri fyrir öll í íþróttum.

Þá voru haldnir Íslandsleikar á Akureyri í mars þar sem 85 iðkendur tóku þátt í körfuknattleik og fótbolta. Fyrirhugað er að halda viðburð í nóvember sem heitir Allir með leikarnir en þar verður boðið upp á fimm íþróttagreinar ásamt kynningum á fleiri greinum og fyrirlestrum.

UNG MENNAFÉLAGIÐ GRINDAVÍK

Eldgos og miklar jarðhræringar urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í nóvember árið 2023.

UMFÍ átti í samskiptum við stjórn og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Grindavíkur (UMFG). UMFÍ tók líka þátt í fundarhöldum á vegum stjórnvalda. Stjórn UMFG fundar enn reglulega hjá UMFÍ og hefur mikil áhersla verið tengd því að finna æfingaaðstöðu fyrir iðkendur. Til viðbótar styrkti UMFÍ UMFG fjárhagslega.



KONUR OG ÍPRÓTTIR

Í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars stóðu UMFÍ og ÍSÍ fyrir ráðstefnunni Konur og Íþróttir, forysta og framtíð.

Á ráðstefnunni voru konur í fyrsta sæti. Konur í stjórnnum félaga, konur í dóm-gæslu og konur í þjálfun. Rætt var um helstu áskoranir sem konur í íþróttum standa frammi fyrir og þau tækifæri sem þeim bjóðast. Rætt var um mikilvægi þess að konur séu áberandi í forystu í íþróttahreyfingunni. Átti það við um þátttöku í stjórnnum íþróttafélaga, í ráðum og nefndum, dóm-gæslu og þjálfun á afreksstigi.

Flutt voru tólf erindi ásamt pallborðsum-ræðum. Uppselt var á viðburðinn sem fram fór á Fosshótelu í Þórunnartúni í Reykjavík. Ráðstefnan var tekin upp og því öll aðgengileg á vef UMFÍ.



KVENNAHITTINGUR

Kvennahittingur á vegum UMFÍ og ÍSÍ var haldinn í tilefni af kvenréttindadeginum þann 20. júní. Viðburðurinn var haldinn í kjölfar ráðstefnunnar Konur og Íþróttir.

Rúmlega áttatíu konur mættu á viðburðinn í Sjálandi og var andrúmsloftið létt og skemmtilegt. Tveir fyrir-lestrar voru á dagskrá. Herdís Pála Pálsdóttir, markþjálfari og mannauðsstjóri, hélt erindi um það hvernig hægt er að hámarka ánægju og árangur á sama tíma. Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri Heimkaupa og fyrrverandi landsliðskona í körfuknattleik, fræddi kynsystur sínar um mikilvægi þess að standa með sjálfri sér.

Mikil ánægja var með viðburðinn og fengu UMFÍ og ÍSÍ hvatningu til þess að standa fyrir fleiri sambærilegum viðburðum í framtíðinni.

DAGUR GEGN EINELTI

Dagurinn 8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu.

UMFÍ nýtir daginn til þess að vekja athygli á þessu samfélagsmeini og til að kynna og segja frá samræmdri viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs. Viðbragðsáætlunina er að finna á vef UMFÍ.



SÝNUM KARAKTER OG 5C'S

Sýnum karakter er sameiginlegt átaksverkefni UMFÍ og ÍSÍ um þjálfun sálrænnar og félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum.

Föstudaginn 12. janúar 2024 var haldin ráðstefna í tengslum við verkefnið 5C í háskólanum Nottingham Trent á Englandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var: The 5Cs Framework in Youth Sport: Critical Reflections on Practice and Advancements in Applications. Ráðstefnan var síðasti viðburðurinn í tengslum við samstarfsverkefni um innleiðingu á sálfélagslegri þjálfun með aðferðafræði 5C á Íslandi. Erasmus+ styrkti verkefnið.

Í júní 2024 var opnað vefsetur verkefnisins, 5c.is. Vefurinn er fyrir þjálfara, kennara, íþróttafólk og foreldra sem vilja fræðast um mikilvægi þess að þjálfra og bæta kennslu sem snýr að hugarfari.

Vefurinn er afrakstur Erasmus-samstarfs Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), Háskólans í Reykjavík (HR), háskólanna í Loughborough og Nottingham Trent auk Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) og Fimleikasambands Íslands (FSÍ). Vefurinn var formlega opnaður á fyrsta foreldranámskeiði 5C sem Daði Rafnsson hélt í Háskólanum í Reykjavík 5. júní 2024.

VERTU MEÐ!

UMFÍ og ÍSÍ hafa frá árinu 2019 gefið út bæklinginn Vertu með! Markmið hans er að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

Í bæklingnum er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins, svo sem upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og forvarnargildi þátttöku í skipulögðu starfi.

Bæklingurinn er fáanlegur á vef UMFÍ á tíu tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, spænsku, víetnömsku, filippseysku, litháensku, taílensku, arabísku og úkraínsku.

RÁÐSTEFNA RIG

Í tengslum við Reykjavíkurlíkana (Reykjavík International Games – RIG) fór fram ráðstefna með yfirskriftinni: Er pláss fyrir öll í íþróttum?

Ráðstefnan var haldin í Háskólanum í Reykjavík 25. janúar og að henni stóðu Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ), UMFÍ og Háskólinn í Reykjavík (HR).

Þema ráðstefnunnar var inngilding í íþróttum og var boðið upp á sex pallborð þar sem rætt var um hvað og hvernig hægt er að gera betur. Í pallborði var íþróttafólk með fötlun, hinsegin og kynsegin íþróttafólk, íþróttafólk af erlendum uppruna og aðrir sérfræðingar sem sögðu reynslusögur.

Ráðstefnan var tekin upp og er upptakan aðgengileg á vef ÍBR.

FORVARNARDAGURINN

Miðvikudaginn 2. október 2024 var Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og er þar kastljósinu beint sérstaklega að ungmennum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna á aldurshópi þeirra og hugmyndir sínar um samveru, íþrótt- og tómstundastarf. Í tilefni dagsins var efnt til málþings með fulltrúum Forvarnardagsins í Ingunnarskóla. Nú í ár voru fulltrúar ungmennaráðs Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson og Karen Hulda Finnsdóttir og fluttu þau stutt erindi á málþinginu.

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins og samstarfsaðilar eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, ÍSÍ, UMFÍ, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagsamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta og Heimili og skóli.



DAGUR SJÁLFBODALIÐANS

Alþjóðlegur dagur sjálfbodaliða er 5. desember ár hvert. Sjálfbodaliðastörf hafa verið uppistaðan í öllu starfi UMFÍ frá því að ungmennafélagshreyfingin var stofnuð árið 1907.

Starf íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar byggist að stórum hluta á vinnu sjálfbodaliða. Fjöldi fólks leggur íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í stjórnnum, nefndum, ráðum og vinnuhópum. Sjálfbodaliðar taka þátt í foreldrarstarfi og hjálpa til við framkvæmd móta, kappleikja og/eða annarra viðburða.

UMFÍ tekur þátt í deginum með fréttum og greinaskrifum á miðlum sínum.



HITTINGUR Í TILEFNI DAGSINS

Í tilefni af Alþjóðlegum degi sjálfbodaliðans 2023 var sjálfbodaliðum íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar boðið í Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Íþróttaeldhugar ársins 2022, þau Haraldur Ingólfsson (KA/Þór), Þóra Guðrún Gunnarsdóttir (ÍSS, Björninn og SR) og Friðrik Þór Óskarsson (FRÍ og ÍR) sögðu sögu sína úr sjálfbodaliðastarfi fyrir íþróttahreyfinguna. Að dagskrá lokinni var öllum boðið í kaffisamsæti og spjall.



„Það er mín reynsla að börn fólks sem tekur reglulega þátt í sjálfbodaliðastörfum stundar íþróttir lengur en aðrir. Þátttaka foreldra er börnum hvatning.“

Þóra Guðrún Gunnarsdóttir



VERKFERLAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi.

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Samræmd viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs kom út í nóvember 2022. Markmið hennar er að færa aðilum innan íþrótta- og æskulýðsfélaga áætlun sem nýta má þegar atvik og áföll koma upp í starfinu.

Tilgangur áætlunarinnar er í samræmi við lög um samskiptaráðgjafa nr. 45/2019, 5. grein, 3. lið: „Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísi, eftir atvikum í samráði við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök.“

Á haustmánuðum 2024 hófst vinna við uppfærslu á nokkrum köflum ásamt viðbótum. Viðbæturnar eru kaflar um eldsvoða, stafrænt ofbeldi, veðmál, leiðum til að bregðast hratt við óvæntum atvikum, kaflar eru um samfélagsmiðla og viðbrögð við atvikum sem geta komið upp í ferðum erlendis. Einnig er stefnt að því að gera áætlunina enn aðgengilegri á netinu og gefa hana út bæði á ensku og pólsku. Samskiptaráðgjafarnir Kristín Skjaldardóttir og Hjálmtýr Alfreðsson hafa yfirumsjón með verkefninu. Stefnt er að verklokum um áramótin 2024/2025.

SIÐAREGLUR

Árið 2021 samþykkti stjórn UMFÍ að samræma siðareglur sambandsins við siðareglur Æskulýðsvettvangsins, samstarfsvettvangs UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Mikilvægt er fyrir öll sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð. Siðareglurnar gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Gerist einstaklingur brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, hvort heldur er tímabundið eða að fullu.

SAKAVOTTORÐ

Samkvæmt Íþrótta- og Æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstakling til starfa með börnum og ungmennum hjá Íþrótta- og æskulýðshreyfingunni, sem á síðastliðnum fimm árum hefur hlotið refsisdóm í ofbeldis-, ávana- og fíkniefnamálum.

Þetta gildir jafnt um þá einstaklinga sem starfa sem launþegar, starfsmenn og sjálfboðaliðar.

Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélög þeirra eru hvött til þess að óska eftir samþykki starfsfólks um heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins. Heimild er fyrir því að sækja gögn um viðkomandi einstakling vegna ofbeldis-, ávana- og fíkniefnabrota 3 – 5 ár aftur í tímann. Engin tíma-mörk eru vegna kynferðisbrota. Sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta nú sjálf sent inn útfyllt eyðublöð beint til Sakaskrár. Ekki þarf lengur að hafa milligöngu í málinu í gegnum þjónustumiðstöð UMFÍ. UMFÍ vekur reglulega athygli á því við sambandsaðila sína að leita þessara upplýsinga.

FÉLAGSMÁLAFRÆÐSLA

Í mars 2023 voru uppfærðar hagnýtar upplýsingar um fundi, hlutverk og ábyrgð stjórnarfólks, framkomu og ræðumennsku.

Í efninu eru meðal annars leiðbeiningar um boðun aðalfundar, útskýringar um hlutverk stjórnar, hvernig á að byggja upp og móta ræðu, bera fram tillögur á fámennum þingum og fjölmennum og þar fram eftir götunum.

Viðbragðsáætlun,
siðareglur, eyðublöð og
fræðslu fyrir aðildarfélög
er að finna á vef UMFÍ.





MIDLUN OG SAMSKIPTI

STARFSSKÝRSLUKERFI ÍÞRÓTTA- OG UNGMENNAFÉLAGSHREYFINGARINNAR

Starfsskýrsluskil sambandsaðila og aðildarféлага UMFÍ og ÍSÍ fóru fram í annað skipti í nýju kerfi nú í ár. Kerfið er beintengt við skráningarkerfi Abler, sem flest félög nýta bæði í starfi sínu og í samskiptum við Skattinn. Frá því að kerfið var tekið í notkun árið 2023 hafa nokkrar viðbætur verið gerðar.

Skilafrestur í kerfinu er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það er enn nokkuð um að félög skili starfsskýrslum eftir að skilafresti lýkur. Raunin er einmitt að í lok ágúst 2023 höfðu flest félög skilað skýrslunum og átt enn nokkur eftir að gera það.

Starfsskýrslur innihalda upplýsingar um féлага og iðkendur á síðasta starfsskýrslutímabili, þ.e. almanaksárið á undan skiladegi, lykiltölur úr ársreikningum, lög viðkomandi félags, ársreikning fyrir síðasta starfsár og upplýsingar um stjórn og starfsfólk frá skilaárinu. Ætíð er það á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Sambandsaðilar og aðildarfélag fylgja út upplýsingar um einstaklinga í stjórnnum og starfsfólk félagsins.

Hjá þeim félögum sem nota Sportabler í sínu daglegu starfi munu upplýsingar um iðkendur lesast sjálfkrafa yfir í starfsskýrslu. Það er svo á ábyrgð forsvarsfólks hvers félags að skoða samtölur iðkenda í starfsskýrslunni og staðfesta þær með skilum á skýrslunni.

LÖG OG ÁRSREIKNINGAR

Í kerfinu þarf að setja lög félags og deilda í viðhengi. Einnig þarf að skila inn fjárhagsupplýsingum viðkomandi félags.

FÉLAGAR, IÐKENDUR OG IÐKANIR

Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagar og skapa grunn að félagatali í kerfinu. Ef félög halda að auki sérstakt félagatal fyrir aðra féлага (aðra en iðkendur) þarf að bæta þeim við.

Í kerfinu er hægt að taka út yfirlit um iðkendur, sem eru skráðar kennitölur. Auk þess er hægt að sjá iðkanir sem eiga við þegar iðkendur æfa fleiri en eina grein.

52% karlar
48% konur
Kynjahlutfall
í stjórnnum
íþróttahéraða

422 af 452

aðildarfélag skiluðu starfsskýrslum

YFIRLIT SAMBANDSADILA

	ÍPRÓTTAHERAÐ	FORMAÐUR	FRAMKVÆMDASTJÓRI	IÐKENDUR ¹		IÐKANIR ²		HLUTE.		FÉLAGAR ³	
				2023	2022	2023	2022	2022	KK/KVK	2023	2022
HSB	Héraðssamband Bolungarvíkur	Jenny Hólmsteinsdóttir		179	124	203	138	62/38	491	433	
HSH	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappad.	Hjörleifur K. Hjörleifsson	Gunnhildur Gunnarsdóttir	1.492	1.327	1.938	1.630	63/37	2.999	2.093	
HSS	Héraðssamband Strandamanna	Erla Björk Jónsdóttir	Magnea Dröfn Hlynisdóttir	129	170	176	204	51/49	552	574	
HSV	Héraðssamband Vestfirðinga	Sigurður Hreinsson		1.357	1.385	1.936	1.920	63/37	4.101	3.907	
HSP	Héraðssamband Þingeyinga	Jón Sverrir Sigtryggsson	Gunnhildur Hinriksdóttir	1.767	1.623	2.655	2.259	57/43	3.697	3.628	
HHF	Héraðssambandið Hrafnafloki	Birna Friðbjört Hannesdóttir	Ásgeir Sveinsson	217	174	298	261	65/35	578	664	
HSK	Héraðssambandið Skarphéðinn	Guðríoður Aadnegard	Engilbert Olgeirsson	11.626	10.127	14.885	12.838	60/40	21.769	20.666	
ÍA	Íþróttabandalag Akraness	Gyða Björk Bergþórsdóttir	Guðmunda Ólafsdóttir	3.315	3.140	4.205	4.061	59/41	4.205	4.312	
ÍBA	Íþróttabandalag Akureyrar	Jóna Jónsdóttir	Helga Björg Ingvadóttir	6.458	6.159	8.896	8.436	60/40	10.898	12.165	
ÍBH	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	Hrafnkell Marinósson	Elsabet Ólafsdóttir	11.833	11.144	16.337	14.731	60/40	20.559	25.232	
ÍBR	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	Ingvar Sverrisson	Frimann Ari Ferdinandsson	5.419		6.634		61/39	11.381		
ÍRB	Íþróttabandalag Reykjavíkur	Rúnar V. Arnarson		35.436	34.768	44.655	44.304	60/40	58.991	83.881	
ÍS	Íþróttabandalag Suðurnesja	Gunnar Jóhannesson		2.007		2.521		62/38	2.898		
UÍA	Ungmennna- og íþróttas. Austurlands	Benedikt Jónsson	Gunnar Gunnarsson	2.421	2.825	3.496	3.970	54/46	4.338	4.319	
UDN	Ungmennna- og íþróttas. Dalam. og N Breiðf.	Jóhanna Sigrún Árnadóttir		258	255	404	380	49/51	976	601	
UÍF	Ungmennna- og íþróttas. Fjallabyggðar	Óskar Þórðarson	Brynja Hafsteinsdóttir	589	641	875	988	59/41	1.495	1.473	
USAH	Ungmennasamband Austur Húnavetninga	Sjúðlaug Jónsdóttir		555	565	757	857	60/40	1.781	1.747	
UMSB	Ungmennasamband Borgarfjarðar	Guðrún Hildur Þórðardóttir	Bjarney Bjarnadóttir	1.333	1.214	1.600	1.480	53/47	1.815	3.359	
UMSE	Ungmennasamband Eyjafjarðar	Sigurður Eiríksson	Þorsteinn Marinósson	997	866	1.541	1.245	55/45	2.018	2.487	
UMSK	Ungmennasamband Kjalarnesþings	Guðmundur Sigurbjörnsson	Victor Ingi Olsen	31.236	29.442	41.975	39.076	57/43	51.179	47.703	
UMSS	Ungmennasamband Skagafjarðar	Gunnar Þór Gestsson	Thelma Knútsdóttir	1.730	1.643	2.521	2.297	56/44	4.467	3.701	
USVH	Ungmennasamband Vestur Húnavetninga	Sveinbjörg Rut Pétursdóttir	Heiðrún Nína Axeldóttir	333	308	427	395	40/60	1.264	698	
USVS	Ungmennasamband Vestur Skautfélaga	Erla Þórey Ólafsdóttir		377	369	696	551	59/41	1.067	882	
USÚ	Ungmennasambandið Úlfjótur	Jóhanna Íris Ingólfssdóttir		989	885	1.512	1.308	59/41	1.506	2.422	
V	Ungmennafélagið Vesturhlíð	Einar K. Jónsson									
			Samtals	122.053	109.154	161.143	143.329	58/42	215.025	226.947	

1. Hver einstaklingur er aðeins talinn sem iðkandi einu sinni.

2. Fjöldi iðkana einstaklings í hverju félagi.

3. Meðlimur í félagi.

ÚTGÁFA OG KYNNINGARSTARF

UMFÍ sinnir öfluggu útgáfu- og kynningarstarfi. Markmið útgáfunnar er að miðla upplýsingum um starf íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar með fjölbreyttum, nútímalegum og aðgengilegum hætti.

VEFSETUR

Vefur UMFÍ er helsta upplýsingamiðlun félagsins. Þar eru sagðar fréttir mörgum sinnum í viku, birtar helstu upplýsingar um sjóði og fleiri gagnlegar upplýsingar sem þjónusta bæði sambandsaðila, stjórnendur félaga og upplýsir almenning um starfsemi UMFÍ.

SKINFAXI

Tvö tölublöð Skinfaxa, tímarits UMFÍ, komu út árið 2024 og er á áætlun að gefa út þrjú blöð. Blaðið hefur komið út reglulega frá árinu 1909. Áhersla er lögð á það í blaðinu að miðla þekkingu og fróðleik um víðtækt starf UMFÍ til að bæta starf íþrótt- og ungmennafélaga um allt land. Öll útgefin blöð er að finna á vef UMFÍ.

FRÉTTABRÉF

Fréttabréf og rafræn boðskipti til sambandsaðila UMFÍ eru töluverð. Leitast hefur verið eftir því að senda út fréttabréf til aðildarfélaga og hagsmunaaðila með reglulegum hætti. Í fréttabréfi er fjallað um fréttir af UMFÍ. Frá október 2023 og til loka september 2024 voru send út tæplega 100 fréttabréf til sambandsaðila, almennra áskrifenda og þátttakenda á mótum og viðburðum UMFÍ.

GÖNGUBÓK

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2024. Bókin er lifandi verkefni og er hún endurskoðuð á hverju ári, stundum er gönguleiðum fjölgað en annars fækkað. Oftast eru gönguleiðir gerðar skýrari, ítarlegri og færðar til betri vegar. Bókin sem kom út sumarið 2024 innihélt 277 gönguleiðir, ítarlegar lýsingar á tuttugu gönguleiðum og 32 lýsingar á léttum gönguleiðum fyrir alla fjölskylduna.

SÉRBLÖÐ VEGNA MÓTA

Tvö sérblöð voru gefin út í sumar í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Sérblöðin eru hugsuð sem farvegur fyrir auglýsingar styrktaraðila hvers móts eða viðburðar UMFÍ. Í blöðunum er ávarp fulltrúa UMFÍ og mótshaldara eða sveitarstjóra þess sveitarfélags sem sér um framkvæmdina, dagskrá viðburðar og stutt lýsing á viðburðinum ásamt auglýsingum styrktaraðila.



MÁLSVARI HREYFINGARINNAR

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

UMFÍ sinnir lýðræðislegu hlutverki sínu og sendir Alþingi umsagnir um ýmis frumvörp á mismunandi stigum. Skrif umsagna eru hluti af stjórnarháttum og aðhaldi við umgjörð íþrótt- og æskulýðsmála. Álit UMFÍ hafa haft áhrif á lög og reglugerðir.

Mennta- og barnamálaráðherra: Umsögn við áform um frumvarp til laga um æskulýðs- og frístundastarf 2024.

13. febrúar 2024 Mikilvægt er að styðja við faglegt og skipulagt tómsunda- og félagsstarf ungs fólks á Íslandi – og það í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er til hagsbóta fyrir allt samfélagið til framtíðar.

Mennta- og barnamálaráðherra: Umsögn um áform um endurskoðun laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nr. 45 / 2019.

31. júlí 2024 UMFÍ fagnar endurskoðun laga um samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nr. 45 / 2019, sérstaklega þar sem um bráðabirgðalög er að ræða. Mikilvægt er að festa betur í sessi – svo sem með lagasetningu - það mikilvæga starf sem ráðgjafi sinnir.

Mennta- og barnamálaráðherra: Áform um frumvarp til laga um íþróttir (Mál nr. 133 / 2024).

31. júlí 2024 UMFÍ fagnar áformum stjórnvalda um setningu nýrra heildarlaga um íþróttir. Þetta er langþráð stund, enda hefur lengi legið fyrir að færa þurfi löggjöf málaflokksins til samræmis við nútímakröfur. Við fögnum sérstaklega því umfangsmikla samráði við hagaðila sem áformuð eru. Til að ná bestum árangri mælum við með góðu og reglulegu samtali.

RÆÐUR OG GREINASKRIF

UMFÍ vinnur markvisst að því að skapa vettvang og verkefni sem mæta þörfum landsmanna og hvetur fólk til þátttöku. Markmiðið er að allir þjóðfélags hópar hafi aðgengi að fjölbreyttri hreyfingu og geti tekið fullan þátt í samfélaginu.

Íþróttir snúast um margt annað en sjálfa íþróttina

24. febrúar 2024 „Þessi kona getur verið málsvari svo margra. Það er hægt að yfirfæra hana yfir á einstaklinga með fötlun, af erlendu bergi brotin eða með ótraust bakland. Þær tölur sem við í hreyfingunni höfum sýna okkur að það er verk að vinna svo allir geti verið með. Gögnin sýna okkur líka að þeim einstaklingum sem taka þátt í skipulagða starfinu eiga farsælla og heilbrigðara líf en þeir sem standa utan þess.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu á 78. ársþingi KSÍ

Samveran og upplifun gleði með öðrum bætir lífið

7. júní 2024 „Á sama tíma og við erum í sífelldri endurnýjum þá höfum við tekið eftir því á mótinu að hér endurnýjast gömul kynni, hér mætast gamlir mótherjar á nýjan leik og keppa hvor gegn öðrum. Sumir eftir áratuga hlé eftir að hafa komið börnum sínum öruggum úr hreiðri. Ef við hugum að okkur og hreyfum okkur til heilsubótar þá bætum við árum við lífið – og reyndar – með gleðina í fyrirrúmi bætum við lífi við árin.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu Landsmóts UMFÍ 50+

Minningar

2. ágúst 2024 „Unglingalandsmót UMFÍ er ekki aðeins íþróttakeppni. Mótið er tækifæri til að skapa minningar fyrir alla fjölskylduna, minningar frá góðum tíma, tilefni til þess að segja sögur frá líflegri útilegu í Borgarfirði þar sem allir nutu lífsins saman.“

– Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ



FUNDIR OG SAMSKIPTI

UMFÍ hvetur til faglegra vinnubragða, gagnsæis og rekjanlegrar ákvarðanatöku. UMFÍ stuðlar að virku samráði og lýðræðislegum vinnubrögðum svo sambandsaðilar hafi vettvang til að tjá sig.

53. SAMBANDSPING

53. Sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Geysi í Haukadalsdagana 20.-22. október 2023. Þetta var í fyrsta sinn sem fundurinn var haldinn í Haukadali og var þetta fjölmennasta þing í sögu UMFÍ. Setningu þingsins sóttu 180 þingfulltrúar og gestir.

„Það hafa orðið miklar framfarir í íþróttahreyfingunni síðustu misserin, stór skref hafa verið stigin. Það er alveg ljóst af þátttöku á þinginu okkar að Ungmennafélagsandinn er síungur og eftirsóttur og margir vilja vera með. Ég skynja meiri áhuga hjá fólki á því að vinna saman í hreyfingunni,“ sagði Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður Ungmennafélags Íslands, við setningu þingsins og lagði áherslu á að íþróttahreyfingin eigi að vera í fararbroddi, þora að þróast og þroskast með samfélaginu og vera tilbúin til að takast á við áskoranir til að stuðla að breytingum á vettvangi íþróttar.

Tímamót í íþróttahreyfingunni voru kjarninn í ávarpi Jóhanns Steinars. Hann nefndi nokkur dæmi um slíkt, svo sem þau að þegar þarna var komið við sögu höfðu fjögur íþróttabandalög fengið aðild að UMFÍ og þjónustumiðstöð UMFÍ flutt í íþróttamiðstöðina í Laugardal. Markverðustu tímamótin sagði hann tillögu sem ÍSÍ og UMFÍ hafi mótað saman um nýja skiptingu afraksturs lottós á landsvísi. Tímamótin felist ekki aðeins í tillögunni sjálfri heldur ekki síst í aðdraganda hennar, samvinnunni sem fólst í verkefninu og tækifærunum sem hann taldi geta orðið til verði hún samþykkt.

Tillagan var samþykkt á þingi ÍSÍ um vorið sama ár og var hún í eðli sínu sú sama og lögð er fyrir þing UMFÍ. Tillagan fól í sér að komið yrði á fót átta svæðisstöðvum með sextán starfsmönnum.

Svæðisstöðvarnar myndu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti. Vinnuhópar UMFÍ og ÍSÍ horfðu til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land bæti skilvirkni íþróttahreyfingarinnar.

„Þessi tillaga tekur mið af breyttum tímum og horfir til fyrirsjáanlegrar og líklegrar þróunar samfélagsins. Að mínu mati á samþykkt tillögunnar að geta leitt til þess að íþróttahreyfingin í heild nái enn frekari og betri árangri og framþróun á komandi árum,“ sagði Jóhann Steinar og áréttaði að markmið tillögunnar sé meðal annars að svæðisstöðvarnar taki við verkefnum stjórnvalda, létti álagi og ábyrgð af sjálfbodaliðum, vinni að því að fá aukið fjármagn inn í íþróttahreyfinguna, samstarfið aukist og samstarfsmöguleikarnir sömuleiðis.

Á meðal gesta sambandsþingsins voru Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fulltrúar sérsambanda, Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár og Getrauna, og fleiri. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sendi ávarp á upptöku.

BREYTINGAR Á STJÓRN

Á Sambandsþinginu komu Ásgeir Sveinsson og Rakel Másdóttir ný inn í varastjórn UMFÍ. Þau komu í stað þeirra Gissurar Jónssonar og Lárusar B. Lárussonar, sem gáfu ekki kost á sér áfram. Eftir stjórnarkjör var stjórnin óbreytt að undanskildum áðurnefndum breytingum í varastjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson var sjálfkjörinn formaður næstu tvö ár.

Stjórn UMFÍ skipa auk formanns þau: Gunnar Þór Gestsson frá Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS). Gunnar varð eftir þingið varaformaður UMFÍ; Ragnheiður Högnadóttir frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) en hún varð formaður framkvæmdastjórnar; Guðmundur G. Sigurbergsson frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK), sem er gjaldkeri stjórnar; Gunnar Gunnarsson frá Ungmenna- og Íþróttasambandi Austurlands (UÍA) og Sigurður Óskar Jónsson frá Ungmennasambandinu Úlfjóti (USÚ). Sigurður Óskar er jafnframt ritari stjórnar.

Í varastjórn voru kosin þau Hallbera Eiríksdóttir frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar (UMSB), Guðmunda Ólafsdóttir frá Íþróttabandalagi Akraness (ÍA), Ásgeir Sveinsson frá Héraðssambandi Hrafna-Flóka og Rakel Másdóttir frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings (UMSK).

HEIÐURSFÉLAGAR

Á þinginu voru þeir Guðmundur Kr. Jónsson og Haukur Valtýsson gerðir að heiðursfélögum UMFÍ og fengu heiðursfélagakross, sem er æðsta heiðursmerki samtakanna. Haukur er fyrrverandi formaður UMFÍ og sat á þinginu fyrir hönd Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA). Guðmundur Kr. hefur lengi staðið í stefni Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK) og Ungmennafélags Selfoss. Báðir hafa þeir verið sæmdir nær öllum þeim heiðursviðurkenningum fyrir störf sín sem hægt er að fá innan íþróttahreyfingarinnar.

Á þinginu voru þeim Hjörleifi Kr. Hjörleifssyni og Garðari Svanssyni, ásamt þeim Gissuri Jónssyni og Lárusi B. Lárussyni veitt gullmerki. Hjörleifur er formaður Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og Garðar í stjórn sambandsins. Garðar situr jafnframt í stjórn ÍSÍ. Þeir Gissur og Lárus hafa setið í stjórn UMFÍ um nokkurra ára skeið.

HVATNINGARVERÐLAUN

Þremur félögum voru veitt Hvatningarverðlaun UMFÍ. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, afhenti verðlaunin.

Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu:

- Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) vegna sjálfboðaliða Tindastóls sem voru til fyrirmyndar á leikjum körfuknattleiksliðs meistara-flokks félagsins.
- Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) fyrir verkefni Þróttar, sem miðar að því að ná til nýrra markhópa.
- Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) fyrir verkefnið Special Olympics, sem er hugsað fyrir unga iðkendur með fötlun.

MATMAÐUR SAMBANDSPINGS

Birna Baldursdóttir, varaformaður Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) var útnefnd Matmaður sambandsþings UMFÍ í Haukadal. Birna er sjötta konan sem verður matmaður þings UMFÍ. Ingvar Sverrisson, formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR), og matmaður þingsins á undan, sagði Birnu vel að titlinum komna. Hún hafi borðað eins og sönnum matmanni sæmdi, talað endalaust um mat og hjálpað öðrum að klára af diskum sínum.

Hefð hefur verið fyrir því á þingum UMFÍ frá árinu 1979 að velja matmann UMFÍ. Farandgripurinn, fagurlega útskorinn askur, er afhentur í lok síðustu máltíðar þings UMFÍ þeim þingfulltrúa eða stjórnarmanni UMFÍ sem að mati dómnefndar er þess verðugur að geyma gripinn til næsta þings. Við valið er meðal annars horft til framgöngu í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, stíls, borðsiða og margs fleira. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins og fyrrverandi matmanni.

TÍMAMÓTAPING

Fyrir þinginu lágu tillögur um að UMFÍ og ÍSÍ hefðu sams konar reglugerð um úthlutun fjármagns úr lottófjármagni til sambandsaðila. Með tillögunum fengju allir sambandsaðilar UMFÍ og ÍSÍ greitt eftir sömu forsendum.

Tillögur um lottóreglugerðir hafa verið deiluefni í hreyfingunum um margra ára skeið. Tillögurnar voru gerðar á grundvelli tillagna frá vinnuhópi og höfðu áður verið samþykktar á þingi ÍSÍ fyrr á árinu. Tillagan var lögð fram samhliða tillögu um stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða.

Tillagan felur í sér stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og stjórnvöld. Af lottógreiðslum til UMFÍ fari 15% til reksturs svæðaskrifstofanna og 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri. Samkvæmt tillögunni verður komið á fót átta svæðisstöðvum með sextán stöðugildum sem munu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti.

Í aðdraganda þings voru tillögurnar kynntar sambandsaðilum um allt land. Á þinginu voru tillögurnar til umfjöllunar í nefnd og svo teknar til afgreiðslu. Skemmst er frá því að segja að á þinginu voru báðar tillögurnar samþykktar samhljóða.

„Hér voru tekin stórkostleg skref. Íþróttahreyfingin á að vera í fararbroddi og sýnir nú í verki að hún er tilbúin til að taka stórar og mikilvægar ákvarðanir.“

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, eftir að tillögurnar voru samþykktar





VORFUNDUR

Vorfundur er óformlegur fundur sambandsaðila UMFÍ þar sem forsvarsfólk sambandsaðila, stjórn og starfsfólk UMFÍ koma saman. Ekkert í lögum og reglum UMFÍ kveður á um fundinn. Hefð hefur skapast fyrir honum.

Vorfundur UMFÍ fór fram laugardaginn 8. júní 2024 í Vogum á Vatnsleysuströnd samhliða Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var í bæjarfélaginu.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi: Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, bauð gesti velkomna og flutti stutt ávarp. Að því loknu fór Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, yfir starfsemi UMFÍ. Að lokum kynntu fulltrúar HSH, ÍA, UDN og UMSB samstarf sitt á Vesturlandi.

Eftir kynningar var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa þar sem rætt var um markmið UMFÍ. Sveinn Waage hélt að því loknu erindið Húmor Virkar!

Eftir hádegishlé var þátttakendum aftur skipt upp í umræðuhópa og var þar rætt um nýjar svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar á landsvísu. Að lokum var slegið á léttari strengi og áttu þátttakendur góða stund saman í óformlegu samtali.

Fundinn sóttu 39 fulltrúar sambandsaðila UMFÍ. Eftir hann var þátttakendum send rafræn könnun. Í svörum kom berlega í ljós ánægja með kynningu á starfi sambandsaðila og aðildarféлага auk þess sem því var hampað að þarna gefist fólki tækifæri til að hitta samstarfsfólk frá öðrum svæðum á landinu.

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn UMFÍ hélt 9 fundi á starfstímabilinu 2023 – 2024. Stjórnarfundir voru haldnir víða um land, meðal annars í Reykjavík, á Hótel Geysi í Haukadal, í Vogum á Vatnsleysuströnd, Borgarnesi og á Reykjum í Hrutafirði. Alls voru haldnir 7 staðfundir og 2 fundir í gegnum fjarfundarbúnað.

FUNDIR FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR

Alls voru haldnir 11 framkvæmdastjórnarfundir á starfstímabilinu 2023 – 2024.

NEFNDARFUNDIR

Alls voru haldnir 34 fundir hjá nefndum UMFÍ á starfstímabilinu 2023 – 2024. Flestir funda fóru fram með fjarfundarbúnaði.

- Fjárhags- og greininganefnd | 6 fundir
- Móta- og viðburðanefnd | 3 fundir
- Fræðslunefnd | 4 fundir
- Úthlutunarnefnd sjóða | 5 fundir
- Skólabúðanefnd | 3 fundir
- Ungmennaráð | 9 fundir
- Útgáfu- og kynninganefnd | 4 fundir
- Unglingalandsmótsnefnd | 10 fundir
- Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ | ekki vitað

HEIMSÓKNIR TIL SAMBANDSAÐILA

Fulltrúar stjórnar og starfsfólks hafa heimsótt sambandsaðila á starfstímabili stjórnar. Um er að ræða heimsóknir í tengslum við aðal- og ársfundi sambandsaðila. Önnur tilefni til heimsókna voru stórafmæli, vígsla íþróttamannvirkja og ýmislegt fleira.

SAMSTARFSADILAR

UMFÍ tilnefnir reglulega í ýmsa starfshópa, vinnuhópa og nefndir á vegum stjórnvalda og annarra félagasamtaka. Þá á UMFÍ aðild og samskipti við erlend félagasamtök.

STARFSHÓPAR

ÍPRÓTTANEFND RÍKISINS

Hlutverk nefndarinnar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum og leggja fram tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála og úthlutun fjár úr Íþróttasjóði.

Íþróttanefnd starfar skv. 4. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998. Fulltrúar UMFÍ eru Haukur Valtýsson og Ragnheiður Högnadóttir, sem er varamaður.

ÆSKULÝÐSRÁÐ

Hlutverk Æskulýðsráðs er samkvæmt æskulýðslögum að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum.

Æskulýðsráð á að veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi, leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Jafnframt efnir Æskulýðsráð til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, tekur þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra, stuðlar að þjálfun og menntun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða og sinnir öðrum verkefnum sem ráðherra felur því. Fulltrúi UMFÍ er Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ.

STARFSHÓPUR UM SAMEIGINLEGAR STARFSSTÖÐVAR

Mennta- og barnamálaráðherra skipaði starfshóp sem ætlað var að skoða möguleika á sameiginlegum starfsstöðvum með hliðsjón af svæðis- skiptum verkefnum ríkis og sveitarfélaga, svo sem skólaþjónustu, farsæld barna, íþróttastarfi og æskulýðsstarfi. Auður Inga Þorsteinsdóttir var fulltrúi UMFÍ í starfshópnum. Einnig voru fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, Grunni - félagi fræðslustjóra og

stjórnenda skólaskrifstofa, Samtökum stjórnenda í velferðarþjónustu, íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, innviðaráðuneyti, Barna- og fjölskyldu- stofu og Félagi íþróttá-, æskulýðs- og tómstunda- fulltrúa á Íslandi.

STARFSHÓPUR UM STÖÐU OG RÉTTINDI AFREKSÍPRÓTTAFÓLKS

Mennta- og barnamálaráðuneytið og ÍSÍ skrifuðu í janúar 2023 undir samstarfssamning um stefnu- mörkun og uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi.

Samkomulagið felur í sér að Vésteinn Hafsteinsson starfi með íslenskum stjórnvöldum að mótun aðgerða til að bæta stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Samhliða skipaði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, sérstakan starfs- hóp sem ætlað var að halda utan um vinnuna. Vésteinn veitti hópnum forystu.

Guðmunda Ólafsdóttir var tilnefnd af UMFÍ inn í starfshópinn en hann skilaði frá sér skýrslu til ráðuneytisins. Áfram er unnið að tillögum um inn- leiðingu og aðgerðaráætlun og tekur Guðmunda þátt í því starfi fyrir hönd UMFÍ.

RÝNIHÓPUR UM STEFNU BARNNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu í rýnihóp um stefnu barna til fjögurra ára og framkvæmdaáætlun um verkefni ríkisins sem varða farsæld barna. Fyrirhugað er að leggja fram stefnu og framkvæmdaáætlun á Alþingi nú í haust og voru fimm hópar starfræktir: Menntun, öryggi og vernd, lífsgæði og félagsleg staða, heilsa og vellíðan og þátttaka og félagsleg tengsl. UMFÍ tilnefndi Gunnhildi Hinriksdóttur í hóp um heilsu og vellíðan, Helga S. Haraldsson í hóp þátttöku og félagslegra tengsla og Jóhönnu Írisi Ingólfssdóttur í hóp um lífsgæði og félagslega stöðu.

SPRETTHÓPUR UM ÆSKULÝÐSLÖG

Vinna er hafin við ný heildarlög um frístunda- og æskulýðsstarf innan mennta- og barnamálaráðuneytis. Mennta- og barnamálaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu í spretthóp um lagagerðina. Spretthópurinn fór yfir þann hluta sem tengist gildissviði laganna, stuðningi ríkis og sveitarfélaga við félög og félagasamtök á sviði frístunda- og æskulýðsstarfs, frístundaheimilum, rekstrar- og starfsumhverfi, Æskulýðsráði og Æskulýðssjóði. Guðmundur Sigurbergsson var fulltrúi UMFÍ í hópnum.

MANNRÉTTINDI BARNNA Á ÍSLANDI

UMFÍ er í hópi níu félagasamtaka sem um þriggja ára skeið hafa unnið saman að gerð skýrslu um stöðu mannréttinda barna á Íslandi fyrir Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Auk UMFÍ í hópnum eru Barnaheill, Heimili og skóli, Landssamtökin Þroskahjálp, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn á Íslandi, Samfés, UNICEF á Íslandi og Öryrkjabandalagið. Fulltrúi UMFÍ er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

FÉLAGASAMTÖK, STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Starfsfólk UMFÍ vinnur mikið og náið með starfsfólki Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Samstarfið er af ýmsum toga, allt frá samvinnu við sameiginleg verkefni, miðlun reynslu og þekkingar og samtali við stjórnvöld um sameiginlega hagsmuni íþróttahreyfingarinnar. Eftir flutning UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal hafa samlegðaráhrif og samskipti samtakanna aukist mikið.



ÆSKULÝÐSVETTANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfs- vettvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

ÆV hefur starfað frá árinu 2007 en var formlega stofnað sumarið 2012. ÆV hefur frá fyrsta degi þjónustað þau félagasamtök sem saman mynda vettvanginn og aðildarfélög þeirra með fræðslu og forvörnum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða, meðal annars um kynferðisbrot, einelti og aðra óæskilega hegðun sem getur komið upp í félagsstarfi. Valdís Helga Þorgeirsdóttir er starfsmaður ÆV.

Æskulýðsvettvangurinn hefur m.a. unnið að þróun verkfæra, sem íþrótt- og æskulýðsfélög og aðrir sem starfa með börnum og ungmennum eru hvött til að nýta sér og stuðla að inngildandi félagi og starfsemi. Eitt verkefnanna er Barnavernd – netnámskeið, sem ætlað er að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða um land allt á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingar þess. Námskeiðið er gjaldfrjálst.

Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri UMFÍ, situr í ráðgjafahópi ÆV.

ALMANNAHEILL

UMFÍ var einn af stofnaðilum Almannaheilla, samtökum þriðja geirans. Almannaheill var stofnað árið 2008. Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannaþágu, vinna að sem hagfelldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja ímynd þeirra, efla stöðu þeirra í samfélaginu og koma fram fyrir hönd þriðja geirans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðlum.

Fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna er Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ.

RANNSÓKNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

RANNÍS styrkir mörg málefni á sviði æskulýðsstarfs og íþróttá. Áætlun Evrópusambandsins á sviði menntunar, æskulýðsmála og íþróttá er nefnd Erasmus+.

UMFÍ hefur margoft nýtt sér þau fjölmörgu tækifæri sem styrkjamöguleikarnir bjóða upp á og hlotið styrki fyrir ýmis verkefni. Þar á meðal eru ferðir sambandsaðila UMFÍ til Norðurlandanna, fundir vegna stefnumótunarvinnu UMFÍ og ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði.

Á vormánuðum 2023 sótti UMFÍ um gæðavottun (quality label) European Solidarity Corps, Evrópuætlun fyrir ungt fólk sem vill sýna samstöðu á fjölbreyttum vettvangi. Í september fékk UMFÍ staðfestingu á að umsókn UMFÍ hefði verið samþykkt. Gæðavottunin veitir UMFÍ meðal annars tækifæri til að taka á móti erlendum sjálfboðaliðum sem vilja taka þátt í starfi UMFÍ. Vottunin gildir til ársins 2027.

UMFÍ fékk á árinu tvær umsóknir samþykktar fyrir ferðir á vegum samtakanna og eins hefur ungmennaráðstefna ungmennaráðs verið styrkt af Rannís.

RANNSÓKNIR OG GREINING

Frá stofndegi hefur fyrirtækið Rannsóknir og greining haft umsjón með fjölmörgum rannsóknnum um hagi og líðan barna og ungmenna bæði á Íslandi og erlendis. Rannsóknaröðin Ungt fólk er ein þeirra.

Undir eru öll ungmenni í grunn- og framhaldsskólum landsins og eru þau spurð ýmissa gagnlegra spurninga á nokkurra ára fresti. Niðurstöðurnar nýtast við stefnumótun í forvarnarstarfi.

Frá árinu 2012 hefur Rannsóknir og greining unnið Ánægjuvogina fyrir UMFÍ og ÍSÍ. Ánægjuvogin hefur ekki komið út árið 2024 þar sem unnið er að því að fá sambærilegar upplýsingar úr Íslenskum æskulýðsrannsóknnum, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands stendur fyrir.

ERLEND SAMSKIPTI

DGI

Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. UMFÍ heimsótti skrifstofur DGI í Kaupmannahöfn í fræðsluferð samtakanna sumarið 2024.

ISCA

UMFÍ er aðili að International Sport and Culture Association (ISCA), sem eru samtök um almenningsþróttir og menningu fjölmargra landa. UMFÍ hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum með ISCA og nýverið voru umsóknir um enn fleiri verkefni staðfestar.

Aðalfundur samtakanna fór fram í Madrid í nóvember 2023. Fundurinn fór fram með hefðbundnu sniði og er rekstur í jafnvægi og vöxtur í samtökunum með auknum fjölda þátttökulanda og félagasamtaka sem eiga aðild að ISCA. Töluverður fjöldi félagasamtaka frá mörgum löndum var samþykktur inn á fundinum. Fjöldi einstaklinga bauð sig fram til stjórnar samtakanna. Fulltrúar UMFÍ á fundinum voru þau Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

HØJSKOLENS HUS

UMFÍ og Højskolernes Hus (HH) í Kaupmannahöfn eru með samstarfssamning um verkefni tengt námsdvöl íslenskra ungmenna í dönskum lýðháskólum. HH heldur utan um alla lýðháskóla í Danmörku og er námsframboðið fjölbreytt.

Vorið 2024 fengu 27 ungmenni styrk frá UMFÍ til lýðháskóladvalar og 26 ungmenni fengu slíkt um haustið.

NORD UNG

Nordisk Ungdomsorganisation, (NordUng, var áður stýtt sem NSU) eru samtök æskulýðsfélaga á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Á meðal verkefna samtakanna eru ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur.

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður ungmennaráðs UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í stjórn samtakanna.

Kolbeinn Þorsteinsson úr Ungmennaráði UMFÍ tók þátt í ungmennaviku NordUng á Álandseyjum dagana 4. – 11. ágúst 2024. Yfirskrift verkefnavikunnar var Youth Week – Active Empowerment.







REKSTUR

SAMSTAÐA UM FRAMTÍÐ GETSPÁR - GETRAUNA

Eigendur Íslenskrar getspár eru stærstu og öflugustu fjöldahreyfingar íslensks samfélags, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Frá stofnun Getspár 1986 hafa eigendur fengið um 52 milljarða króna, uppreiknað miðað við vísitölu, í arðgreiðslur frá Getspá. Þetta eru fjármunir sem hafa mikla þýðingu fyrir rekstur og uppbyggingu innviða og almenna starfsemi eigenda Getspár.

Árið 2023 var besta rekstrarár Íslenskrar getspár frá upphafi. Tekjuafgangur ársins nam rúmum 2,8 ma.kr. Starfsemi og verkefni ársins voru fjölbreytt og viðamikil. Stjórnin er ánægð með þá ákvörðun sem tekin var 2013 um auknar fjárfestingar í tækninýjungum. Þær fjárfestingar hafa svo sannarlega skilað sér en áfram skal haldið í þróun stafrænnar tækni. Með nýjustu tækni og sterku markaðsstarfi fer rúmlega 70% af sölu fram með netleiðum ýmiskonar. Hér er átt við internetið, Appið og áskrift í gegnum netið.

Að sama skapi var rekstrarár Íslenskra getrauna það besta til þessa með rúmlega 400 m.kr. hagnaði og stóru auknum framlögum til íþróttahreyfingarinnar. Ársvelta Getspá – Getrauna fór í fyrsta sinn yfir 10 milljarða króna á árinu 2023.

Áfram störfum við í erfiðu rekstrarumhverfi vegna ólöglegrar starfsemi erlendra spilafyrirtækja hér á landi. Fyrirtækið Íslenskar getraunir hefur einkarétt á sölu íþróttagetrauna hér á landi. Á sama tíma eru allar gáttir internetsins opnar fyrir erlenda ólöglega spilun, sem þrífst vel í skjóli

aðgerðarleysis opinberra aðila. Svo virðist sem löggjafinn sjálfur telji að bara sum lög beri að virða en ekki þau sem viðkomandi ráðherra hugnast ekki. Þetta er svo sannarlega vond sviðsmynd. Núverandi ráðherra hefur gefið til kynna að henni hugnast ekki að loka á erlendu spilafyrirtækin, skárta sé að skattleggja þau. Þar með fær ríkið nokkrar krónur en íþróttahreyfingunni blæðir. Íþróttá- og ungmennafélagshreyfingin mun aldrei sætta sig við slíka stefnu stjórnvalda.

Stjórnir og starfsfólk Getspár – Getrauna hafa staðið þétt saman í rekstri og áherslum félaganna undanfarin ár og svo verður áfram. Stjórnirnar funda í hverjum mánuði og stjórnarmenn gera sér far um að fylgjast vel með rekstri og stjórnun fyrirtækisins. Áhersla er á öflugt upplýsingastreymi til stjórnarmanna til að tryggja góða stjórnarhætti. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár er Jóhann Steinar Ingimundarson og er hann stjórnarformaður fyrirtækisins. Fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna er Stefán Konráðsson.

ÚTHLUTUN OG AUKAGREIÐSLA

UMFÍ á 13,33% í Íslenskri getspá og 20% í Íslenskum getraunum.

UMFÍ fékk rétt rúmar 336 m.kr. greiddar frá Íslenskri getspá árið 2023. Sama ár tók stjórn Getspár ákvörðun um aukagreiðslu upp á 300 m.kr. til eignaraðilanna, það er til ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ vegna góðrar niðurstöðu í rekstrinum.

Hlutur UMFÍ í þeirri greiðslu nam tæpum 40 m.kr. Upphæðin var greidd út til sambandsaðila UMFÍ samkvæmt reglugerð um lottó.

UMFÍ fékk greiddar 8 m.kr. frá Íslenskum getraunum en greiðslur til íþróttahéraða og félaga koma ekki til UMFÍ. Þess í stað fara þær beint frá Getraunum til íþróttahéraðanna.

2,8 milljarðar

Arðgreiðsla Getspár til eignaraðila 2023

297 milljónir

Greiddar til sambandsaðila UMFÍ auk 26,3 m.kr.
úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ 2023

300 milljónir

Aukaúthlutun frá Íslenskri getspá til eignaraðila 2023

39,9 milljónir

Hlutdeild UMFÍ í aukaúthlutun frá
Íslenskri getspá til eignaraðila 2023


13,33%

Eignarhlutur UMFÍ í Íslenskri getspá
46,67% Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
40,00% Öryrkjabandalag Íslands



**ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA
Í HVADA ÍÞRÓTT BARNIÐ
ÞITT BLÓMSTRAR.**

**ÞESS VEGNA STYÐJUM
VIÐ ÞÆR ALLAR.**



Rekstur

63

LOTTÓREGLUR OG ÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA

Reglugerð um lottó var breytt á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal, sem haldið var í október 2023. Hér að neðan má sjá gömlu reglugerðina og svo þar fyrir neðan þá nýju sem samþykkt var á þinginu. Breytingar á reglugerðinni tóku gildi í júlí 2024 samkvæmt ákvörðun stjórnna UMFÍ og ÍSÍ.

LOTTÓREGLUR

NÝ REGLUGERÐ

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

- 15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

III. Regla vegna skiptingar til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisskrifstofa er ekki háð skilyrðum.

IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hlutur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum 18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

V. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Fyrirvari

Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga nr. 86/2021. Fram til þess tíma gilda áðurgildandi reglur. Hafi samkomulag milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda ekki náðst fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, skal sambandsþing þá taka afstöðu til framhalds málsins.

Samþykkt á 53. Sambandsþingi UMFÍ 2023 í Haukadal.

ELDRI REGLUGERÐ

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 14% til UMFÍ.
- 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ

- 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
- 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hluttur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

- Einn hluttur: Héraðssambönd.
- 30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.
- 10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji.

IV. Regla vegna íbúafjölda

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagsskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærri hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2018. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði


UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 51. Sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka árið 2019.

LOTTÓÚTHLUTUN TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

	2023	2022	2021	
Héraðssamband Bolungavíkur	654	4.674	4.508	297 milljónir 2023
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	9.179	8.067	8.283	
Héraðssamband Strandamanna	5.317	4.590	4.449	
Héraðssamband Vestfirðinga	9.238	8.457	8.605	278 milljónir 2022
Héraðssamband Þingeyinga	10.040	8.818	8.927	
Héraðssambandið Hrafn-Flóki	1.337	5.007	4.830	
Héraðssambandið Skarphéðinn	31.576	28.570	30.441	293 milljónir 2021
Keflavík íþrótt- og ungmennafélag	14.496	15.050	17.240	
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands	14.793	13.631	14.284	
Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar	6.624	6.064	6.322	237 milljónir 2020
Ungmennafélag Akureyrar	2.881	2.309	2.605	
Ungmennafélag Grindavíkur	4.040	4.006	3.922	
Ungmennafélag Kjálnessinga	1.129	974	1.054	182 milljónir 2019
Ungmennafélag Njarðvíkur	10.070	7.789	7.552	
Ungmennafélagið Fjölnir	24.833	22.283	25.758	
Ungmennafélagið Skipaskagi	564	501	673	171 milljónir 2018
Ungmennafélagið Vesturhlíð	594	501	468	
Ungmennafélagið Þróttur	2.792	2.420	2.459	
Ungmennasamband Austur-Húnavetninga	6.624	5.758	5.795	
Ungmennasamband Borgarfjarðar	8.199	7.873	8.430	
Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga	5.287	4.757	4.769	
Ungmennasamband Eyjafjarðar	8.703	7.706	7.961	
Ungmennasamband Kjálarnesþings	89.114	83.456	87.813	
Ungmennasamband Skagafjarðar	9.862	8.373	9.308	
Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga	5.763	5.091	4.976	
Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu	5.882	5.202	4.947	
Ungmennasambandið Úlfjótur	7.456	6.259	6.322	
Samtals	297.047	278.185	292.701	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



ÞRASTASKÓGUR

Í september 2023 barst UMFÍ erindi frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita með kröfu um að UMFÍ yrði að gera viðeigandi ráðstafanir vegna óleyfisframkvæmda rekstraraðila á tjaldsvæðinu í Þrastaskógi. Rekstraraðilinn er einkahlutafélagið V63 ehf.

Óleyfisframkvæmdirnar fólust í því að reist höfðu verið þrjú tjaldhýsi á tjaldsvæðinu án tilskilinna leyfa, tilkynninga og samþykkis landeiganda. Var UMFÍ gefinn tímabundinn frestur til þess að gera viðeigandi ráðstafanir eða fjarlægja umræddar bygginga. Að öðrum kosti myndi byggingafulltrúi grípa til aðgerða, sem meðal annars gætu falið í sér dagsektir.

Í kjölfarið sendi UMFÍ erindi til forráðafólks V63 ehf þar sem þess var krafist að umræddar byggingar yrðu fjarlægðar auk þess sem uppsagnarákvæði í rekstrarsamningnum um tjaldsvæðið var virkjað. Uppsagnarákvæðið miðaðist við september 2024. Á sambandsþingi UMFÍ í október 2023 var lögð fram tillaga um að stjórn UMFÍ myndi rifta rekstrarsamningi við V63 ehf. Farið var fram á riftingu samningsins.


Í kjölfar riftunar á rekstrarsamningi lagðist fjárhags- og greiningarnefnd UMFÍ í vinnu við að ná utan um málefni Þrastaskógar. Markmið vinnunnar var að draga fram hvaða leiðir væru UMFÍ færar og hvað samtökunum væri fyrir bestu.

Sú vinna leiddi meðal annars í ljós að mikilvægt er að greina á milli rekstrar tjaldsvæðisins í Þrastaskógi og eignarhalds á veitingahúsinu

Þrastalundi. Þessi tvö mál tengjast einungis á þann hátt að þinglýstur eigandi Þrastalundar er einkahlutafélagið V63 ehf. Sama félag heldur líka utan um rekstrarsamning um leigu á tjaldsvæðinu, sem fylgdi kaupum V63 ehf. á Þrastalundi af Tréfagi ehf. á sínum tíma.

Í sögulegu samhengi er ólíklegt að UMFÍ eignist veitingastaðinn Þrastalund. Líklega er enginn vilji til þess innan hreyfingarinnar enda hafði reksturinn verið UMFÍ þungur baggi. Í ofanálæg er líklegt að kaup á veitingastaðnum verði félaginu of kostnaðarsöm. Áðurnefnd riftun rekstrarsamnings um tjaldsvæðis olli því hins vegar að UMFÍ hefði að óbreyttu átt að taka yfir rekstur tjaldsvæðisins í september 2024.

Í júlí 2024 óskaði forsvarsfólk V63 ehf eftir samtali við UMFÍ um möguleika þess að ná samkomulagi um nýtt deiliskipulag og áframhaldandi rekstur tjaldsvæðisins. Stjórn UMFÍ telur æskilegt að leggja mat á þær tillögur svo hægt verði að freista þess að bæta stöðu UMFÍ á svæðinu. Í kjölfarið var riftun samnings við félagið V63 ehf frestað til 1. nóvember 2024.





STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

STUÐNINGUR VIÐ UPPBYGGINGU LANDSMÓTSSTAÐA

UMFÍ hlaut 12 m.kr. styrk frá stjórnvöldum til uppbyggingar landsmótsstaða árið 2024. Af styrkuppþæðinni runnu 4 m.kr. til Ungmennafélagsins Þróttar Vogum (UMFÞ) og sveitarfélagsins Voga vegna Landsmóts UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd. 8 m.kr. runnu til Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB) og Borgarbyggðar vegna Unglingalandsmóts UMFÍ í Borgarnesi. Þetta er í annað sinn sem UMFÍ hlýtur styrkinn. Áður var til sjóður hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, sem sveitarfélög og félagasamtök gátu sótt í vegna mótahalds og uppbyggingar þeim tengdum. Sjóðurinn var lagður niður fyrir nokkrum árum án þess að nokkuð tæki við.



RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ


Ríkisframlag til UMFÍ hefur nánast staðið í stað á undanförunum árum. Á sama tímabili hafa flestir kostnaðarþættir í rekstri UMFÍ farið ört hækkandi meðfylgjandi hárrí verðbólgu. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFÍ 129,6 m.kr. Það er nú komið í 133,5 m.kr. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 væri ríkisframlagið í dag í um það bil 183 m.kr. Þegar þróunin frá 2008 er skoðuð kemur í ljós að framlagið árið 2008 var 123,4 m.kr. Ef það hefði haldið í við þróun verðlags væri ríkisframlagið í kringum 277 m.kr. Það má því með sannri segja að vísitala neysluverðs hafi á síðustu árum hækkað viðstöðulítið á meðan framlag ríkisins til UMFÍ hefur nokkurn veginn staðið í stað.



UMFÍ er ábyrgt í nýtingu fjármuna,
mannauðs, aðstöðu og búnaðar.



RÍKISFRAMLAG TIL UMFÍ Í SAMANBURÐI VIÐ ÞRÓUN VERÐLAGS



FRAEDSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

Fræðslusjóður var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson, formann UMFÍ árin 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987.

Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri árið 2011 að sameina sjóðina og láta hann bera heiti þeirra beggja. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélags-hreyfingarinnar, meðal annars með því að auka menntun og þekkingu félaga á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Tekjustofn sjóðsins er 7% af lottótekjum UMFÍ.

Hægt er að senda umsóknir í sjóðinn tvisvar á ári, til 1. maí og til 1. nóvember. Fyrir hvern umsóknarfrest berast um eða yfir hundrað umsóknir sem sjóðsstjórn fer yfir.

Í sjóðsstjórn sitja Sigurður Óskar Jónsson formaður, Gissur Jónsson, Gunnar Þór Gestsson, Hallbera Eiríksdóttir og Rakel Másdóttir.

ÚTHLUTANIR ÚR FRÆDSLUG OG VERKEFNASJÓÐI

	Verkefni	Upphæð
2024*	88	15.042.619
2023	169	20.571.712
2022	163	25.000.000
2021	217	19.590.825
2020	272	20.238.788
2019	206	16.832.000

* Fyrri úthlutun

169

verkefni styrkt

ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til:

- Fræðslu- og forvarnarverkefna sem eru til þess fallin að auka þekkingu og fagmennsku innan félags og/eða héraðs.
- Þjálfara- og/eða dómaramámskeiða.
- Verkefna sem stuðla að aukinni þekkingu og varðveislu á menningu og sögu félags og/eða héraðs.
- Átaksverkefna til aukinnar þátttöku á Unglingalandsmóti UMFÍ.
- Verkefna sem eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni.

ÁHERSLUATRIÐI FYRIR ÚTHLUTANIR 2024

Eftirfarandi atriði tilheyra áhersluatriðum við úthlutun:

- Útbreiðslu- og fræðsluverkefni sem hafa það að markmiði að auka þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi, sérstaklega barna og ungmenna með fötlun eða af erlendum uppruna.
- Verkefna og/eða viðburða sem hafa það að markmiði að efla þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða í félagsmálum (fundarsköpum)
- Rannsóknna á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

ÚTHLUTUN

Alls bárust 111 umsóknir haustið 2023 og voru 88 umsóknir styrktar. Vorið 2024 bárust 79 umsóknir og 61 umsókn var styrkt.

UMHVERFISSJÓÐUR

Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason, formann UMFÍ 1979–1993. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma og UMFÍ. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

Pálmi Gíslason var fæddur 2. júlí árið 1938 og var hann í forystusveit UMFÍ um áratugaskeið, var formaður íþróttanefndar Ungmennasambands Austur-Húnvetninga (USAH), sat í stjórn frjáls-íþróttadeildar Breiðabliks í mörg ár, í stjórn Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og í mörgum landsmótsnefndum. Pálmi lést af slysförum árið 2001.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Skilyrði fyrir styrkúthlutun er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að umhverfisverkefni sé að ræða sem sótt er um.

ÁHERSLUATRIÐI FYRIR ÚTHLUTANIR 2024

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn áherslu á að veita styrki til umhverfisverkefna sem:

- Tengjast ungu fólki.
- Stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.
- Fela í sér nýjungar í umhverfisverndun og nýtingu.

ÚTHLUTANIR ÚR UMHVERFISSJÓÐI

	Verkefni	Upphæð
2024	6	3.400.000
2023	5	1.850.000
2022	2	675.000
2021	10	730.000
2020	8	1.050.000
2019	8	1.050.000

LÝÐHÁSKÓLASTYRKIR

UMFÍ hefur styrkt ungt fólk til náms við lýðháskóla í Danmörku. Markmiðið er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýju tungumáli og menningu og auka færni sína og þekkingu á völdu sviði með óformlegu námi.

Lýðháskóli er heimavistarskóli fyrir ungt fólk þar sem það fær tækifæri til þess að einbeita sér að sínum áhugamálum og kynnast fólki með svipuð áhugamál. Í skólanum gefst nemendum tækifæri til að prófa mismunandi íþróttir, ferðast, kynnast nýju fólki og stíga út fyrir þægindarammann.

UMFÍ hlaut styrk frá Nordplus til þess að styrkja ungmenni til náms skólaárin 2023 – 2024 og 2024 – 2025. Alls hlutu 38 ungmenni styrk skólaárið 2023 – 2024 upp á samtals 3.640.000 krónur. Fyrir vorönnina 2024 bárust 26 umsóknir.

OPNAR KYNNINGAR LÝÐHÁSKÓLA

Fulltrúar frá Íþróttalýðháskólunum Sønderborg í Danmörku og Nordjylland (Nordjyllands Idræthøjskole) halda í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík að meðaltali um tvo opna kynningarfundir á ári fyrir ungt fólk. Á kynningunum er farið yfir hvaða möguleikar felast í því að sækja skólana og þær áherslur sem skólarnir halda í heiðri. Síðustu kynningar fóru fram í febrúar og þær næstu fara fram í október 2024.

„Dvöl mín í Vrá Højskole hefur hjálpað mér mikið félagslega en ég átti frekar erfitt á því sviði. Ég hef alltaf átt frekar erfitt andlega og tel ég að þessi dvöl mín þetta síðasta ár í Vrá Højskole hafi haft þau áhrif að ég er sterkari en nokkru sinni, öruggari í mínu skinni og sterkari á líkama og sál.“

Sólveig María Valgeirsdóttir,
nemandi við Vrá Højskole á Norður-Jótlandi





MANNAUÐUR

STARFSFÓLK

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ

Í þjónustumiðstöð UMFÍ er haldið utan um starf UMFÍ og sambandsaðilum og félagsmönnum veitt ýmis þjónusta. Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík er á 3. hæð í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg 6.

Í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík starfa:

- Aldís Baldursdóttir, verkefnastjóri (í fæðingarorlofi)
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, fjármála- og rekstrarstjóri
- Elísabet Hrund Salvarsdóttir, fjármál og bókhald
- Hanna Carla Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá ÍSÍ og UMFÍ
- Jón A. Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfxa
- Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri

Guðbirna Þórðardóttir og Iðunn Bragadóttir hættu störfum 2023 og 2024. UMFÍ færir þeim kærar þakkir fyrir samstarfið í gegnum árin.

UMFÍ útvistar upplýsingatækni til Björgvins Jónssonar hjá Certus og grafskri hönnun til Jónasar Þorbergssonar. Silja Úlfarsdóttir var verkefnastjóri Unglingalandsmóts UMFÍ í Borgarnesi.


ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ Á SAUÐÁRKRÓKI

UMFÍ rekur þjónustumiðstöð við Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Þar starfar Ómar Bragi Stefánsson, verkefnastjóri og framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Í Skólabúðum UMFÍ að Reykjum starfa:

- Elmar Davíð Hauksson, ræsting og þríf
- Gísli Kristján Kjartansson, eldhús
- Gréta Róbertsdóttir, frístundaleiðbeinandi
- Hulda Signý Jóhannesdóttir, frístundaleiðbeinandi
- Ingimar Oddsson, frístundaleiðbeinandi
- Luis Augusto Aquino, frístundaleiðbeinandi
- Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir, eldhús
- Rannveig A. Hjartardóttir, frístundaleiðbeinandi
- Róbert Júlíusson, húsvörður
- Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður



STJÓRN OG NEFNDIR 2023-2025

STJÓRN

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður
- Ragnheiður Högnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar
- Gunnar Þór Gestsson, varaformaður
- Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri
- Sigurður Óskar Jónsson, ritari
- Gunnar Gunnarsson, meðstjórnandi
- Málfríður Sigurhansdóttir, meðstjórnandi
- Guðmunda Ólafsdóttir, varastjórn
- Rakel Másdóttir, varastjórn
- Ásgeir Sveinsson, varastjórn
- Hallbera Eiríksdóttir, varastjórn

FRAMKVÆMDASTJÓRN

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Jóhann Steinar Ingimundarson
- Guðmundur Sigurbergsson
- Gunnar Gunnarsson, varamaður

NEFNDIR

FJÁRHAGS- OG FASTEIGNANEFND

- Guðmundur Sigurbergsson, formaður
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Guðríður Aadnegard
- Einar Haraldsson
- Dagný Finnbjörnsdóttir
- Lárus Brynjar Lárusson
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

LAGANEFND

- Rakel Másdóttir, formaður
- Kristján B. Thorlacius
- Þórir Haraldsson
- Ragnheiður Högnadóttir
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar



MÓTA OG VIÐBURÐANEFND

- Ragnheiður Högnadóttir, formaður
- Málfríður Sigurhansdóttir
- Rakel Másdóttir
- Ásgeir Sveinsson
- Guðmundur Jónsson
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

UNGLINGALANDSMÓTSNEFND 2024

- Guðrún Hildur Þórðardóttir, formaður
- Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, ritari
- Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, gjaldkeri
- Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, keppnisstjóri
- Rakel Guðjónsdóttir, keppnisstjóri
- Kristján Guðmundsson, afþreyingarstjóri
- Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson, afþreyingarstjóri
- Sæunn Ósk Kjartansdóttir, tjaldbúða- og öryggisstjóri
- Heiðar Örn Jónsson, tjaldbúða- og öryggisstjóri
- Gunnar Örn Kárason, veitingastjóri
- Sóley Baldursdóttir, svæðisstjóri
- Ámundi Sigurðsson, svæðisstjóri
- Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ
- Rakel Másdóttir, fulltrúi UMFÍ
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

LANDSMÓTSNEFND UMFÍ 50+ 2024

- Petra Ruth Rúnarsdóttir, formaður
- Helga Ragnarsdóttir, ritari
- Rósa Sigurjónsdóttir, gjaldkeri
- Guðmundur Stefánsson, keppnisstjóri
- Sólrún Ósk Árnadóttir, keppnisstjóri
- Marteinn Ægisson, gisti-, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjóri
- Kristinn Björgvinsson, gisti-, veitinga-, tjaldbúða- og öryggisstjóri
- Jóhann Ingimar Hannesson, svæðisstjóri
- Tinna Hallgrímsdóttir, afþreyingarstjóri
- Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ
- Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður nefndar

FRÆÐSLUNEFND

- Málfríður Sigurhansdóttir, formaður
- Ásgeir Sveinsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Helga Guðrún Guðjónsdóttir
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar

PRASTASKÓGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Einar Kristján Jónsson
- Helgi S. Haraldsson
- Valgerður Hreinsdóttir
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

UNGMENNARÁÐ

- Halla Margrét Jónsdóttir, formaður
- Daði Þór Jóhannsson
- Dagur Jónsson
- Eiður Andri Guðlaugsson
- Embla Líf Halldóttir
- Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson
- Gerður María Sveinsdóttir
- Guðný Óladóttir
- Helga Sóley Ásgeirsdóttir
- Karen Hulda Finnsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Sara Jóhanna Geirsdóttir
- Sara Rut Mellado
- Rakel Másdóttir, tengiliður við stjórn UMFÍ
- Ragnheiður Sigurðardóttir, starfsmaður nefndar

SKÓLABÚÐANEFND

- Málfríður Sigurhansdóttir, formaður
- Hallbera Eiríksdóttir
- Helga Guðrún Guðjónsdóttir
- Kolbeinn Þorsteinsson
- Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage
- Sigurður Guðmundsson, starfsmaður nefndar

UPPLÝSINGATÆKNINEFND

- Gunnar Þór Gestsson, formaður
- Guðmunda Ólafsdóttir
- Hallbera Eiríksdóttir
- Halla Margrét Jónsdóttir
- Sigurður Eiríksson
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmaður nefndar

ÚTGÁFU OG KYNNINGARNEFND

- Gunnar Gunnarsson, formaður
- Sigurður Óskar Jónsson
- Embla Líf Hallsdóttir
- Jóhanna Íris Ingólfssdóttir
- Victor Ingi Olsen
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, starfsmaður nefndar

ÚTHLUTUNARNEFND FRÆÐSLU- OG UMHVERFISSJÓÐS

- Sigurður Óskar Jónsson, formaður
- Gissur Jónsson
- Gunnar Þór Gestsson
- Hallbera Eiríksdóttir
- Rakel Másdóttir
- Til vara: Jóhann Steinar Ingimundarson
- Einar Þorvaldur Eyjólfsson, starfsmaður nefndar

VIÐURKENNINGAR

HEIÐURSFÉLAGAR

Heiðursfélagar eru að öllu jöfnu kjörnir á sambandsþingum UMFÍ. Þeir hljóta við hátíðlega athöfn heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki sambandsins.

Heiðursviðurkenningar eru að jafnaði afhentar þeim sem áður hafa hlotið gullmerki UMFÍ. Merkum brautryðjendum í íþróttá- og ungmennafélagshreyfingunni er jafnframt sýnd þessi sæmd.

Á 45. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Hótel Geysi í Haukadal í október 2023 voru tveir útnefndir heiðursfélagar UMFÍ. Það voru þeir Haukur Valtýsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, sem sat þingið í nafni Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA), og Guðmundur Kr. Jónsson, þingfulltrúi Héraðssambands Skarphéðins (HSK).

28	2023	Haukur Valtýsson
27	2023	Guðmundur Kr. Jónsson
26	2021	Anna Ragnheiður Möller
25	2021	Kristján Elvar Yngvason
24	2019	Helga Guðrún Guðjónsdóttir
23	2011	Björn B. Jónsson
22	2005	Þórir Jónsson
21	1997	Pálmi S. Gíslason
20	1993	Sigurður Geirdal
19	1987	Guðjón Ingimundarson
18	1987	Hafsteinn Þorvaldsson
17	1982	Þorsteinn Einarsson
16	1971	Skúli Þorsteinsson
15	1969	Eiríkur J. Eiríksson
14	1969	Sigurður Greipsson
13	1957	Anders Skáshheim
12	1957	Bernharð Stefánsson
11	1957	Guðbrandur Magnússon
10	1957	Helgi Valtýsson
9	1957	Jóhannes Jósefsson
8	1957	Jón Helgason
7	1946	Björn Jakobsson
6	1943	Björn Guðmundsson
5	1940	Vígfús Guðmundsson
4	1933	Guðmundur Jónsson frá Mosdal
3	1927	Helgi Valtýsson
2	1927	Jóhannes Jósefsson
1	1927	Þórhallur Björnsson



GULLMERKI UMFÍ

Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Gullmerki er veitt þeim sem hefur um árabíl unnið öflugt starf fyrir ungmennafélags-hreyfinguna, verið í forystu hennar í héraði eða á vettvangi UMFÍ eða í áratugi unnið ötullega að eða tekið þátt í verkefnum UMFÍ. Gullmerki er að jafnaði afhent þeim sem áður hafa hlotið starfsmerki UMFÍ.

2024	Heiðar Ingi Jóhannsson	HHF
2024	Kristján Gíslason	UMSB
2024	Ingvi Árnason	UMSB
2024	Karl Lúðvíksson	UMSS
2024	Ólafur Eyjólfsson	UMFN
2024	Hreinn Halldórsson	UÍA
2024	Hrönn Ríkhardsdóttir	ÍA
2024	Kristinn Geir Aðalsteinsson	ÍBA
2024	María Alma Valdimarsdóttir	HSH
2023	Lárus B. Lárusson	UMSK
2023	Gissur Jónsson	HSK
2023	Garðar Svansson	HSH
2023	Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson	HSH

STARFSMERKI UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ er veitt fyrir frábært forystustarf í félagi, deild félags eða á vettvangi sambands, fyrir eftirtektarverð átaksverkefni eða nýjungar í starfi, góða virkni eða árangur í skipulags- og félagsstörfum, svo sem með setu í stjórnnum eða nefndum og fyrir mikið framlag til ungmenna- og íþróttastarfs.

2024	Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir	USÚ
2024	Stefán Guðmundsson	UMSS
2024	Una Aldís Sigurðardóttir	UMSS
2024	Þorvaldur Gröndal	UMSS
2024	Guðrún Guðmundsdóttir	UDN
2024	Helgi Sigurmonsson	HSH
2024	Ragnhildur Sigurðardóttir	HSH
2024	Þóra Kristín Magnúsdóttir	HSH
2024	Áslaug Pálsdóttir	UMSK
2024	Birna Kristín Jónsdóttir	UMSK
2024	Bragi Björnsson	UMSK
2024	Kristín Finnbogadóttir	UMSK
2024	Gestur Einarsson	HSK
2024	Helga Kolbeinsdóttir	HSK
2024	Ingvar Garðarsson	HSK
2024	Guðrún Hildur Þórðardóttir	UMSB
2024	Ásdís Guðjónsdóttir	HHF
2024	Guðrún Helga Sigurðardóttir	HHF
2024	Valgerður Jónasdóttir	HHF
2024	Björg Hafsteinsdóttir	Keflavík
2024	Davíð Óskarsson	Keflavík
2024	Eva Björk Sveinsdóttir	Keflavík
2024	Jónína Steinunn Helgadóttir	Keflavík
2024	Ragnhildur H Ingólfssdóttir	Keflavík
2024	Sveinbjörg Sigurðardóttir	Keflavík

VERNDARI UMFÍ

Forseti Íslands hefur til áraráða verið verndari ungmennafélags-hreyfingarinnar. Um leið og UMFÍ þakkar Guðna Th. Jóhannessyni fyrir frábært samstarf á undanförunum árum þá þakkar hreyfingin Höllu Tómasdóttur kærlega fyrir að vera áfram verndari ungmennafélagshreyfingarinnar í embætti forseta Íslands.



VERÐLAUN

HVATNINGARVERÐLAUN UMFÍ

Hvatningarverðlaun UMFÍ eru veitt bæði á Sambandsþingi og Sambandsráðsfundi UMFÍ. Verðlaunin eru veitt fyrir eftirtektarverð og fram-sækin verkefni sem skara fram úr eða fyrir óeigin-gjarnt starf í þágu samfélagsins.

Á 45. Sambandsþingi UMFÍ, sem haldið var á Hótel Geysi í Haukadal hlutu eftirfarandi sam-bandsaðilar hvatningarverðlaun:

UMSS veitt verðlaun fyrir öflugt sjálfbóðaliða-starf Tindastóls. ÍBR veitt verðlaun fyrir verkefni Þróttar, sem miðar að því að ná til nýrra mark-hópa. ÍBH veitt verðlaun fyrir verkefni Special Olympics-hóps Hauka.

FYRIRMYNDARBIKARINN

Hefð er fyrir því við slit Unglingalandsmóts UMFÍ að formaður UMFÍ afhendi Fyrirmyndarbikar UMFÍ þeim sambandsaðila sem hefur sýnt fyrir-myndarframkomu jafnt innan vallar sem utan á meðan mótinu stendur.

Við tilnefningu handhafa Fyrirmyndarbikars UMFÍ er meðal annars horft til þess hvernig full-trúar sambandsaðila eru við inngöngu á setningar-hátíð Unglingalandsmóts hverju sinni, framkomu stuðningsfólks og félagsmanna og annars í þeim dúr, sem skilar því að aðrir líti upp til ungmenna-félaganna. Bikarinn var ekki afhentur árin 2020 og 2021 þar sem mótið féll niður þau ár.

Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) hlaut Fyrirmyndarbikar UMFÍ árið 2024.

SIGURÐARBÍKARINN

Sigurðarbikarinn er gefinn í minningu um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.

Sigurðarbikar er afhentur framkvæmdaaðila mótsins hverju sinni í hátíðarmóttöku að lokinni setningu Unglingalandsmóts UMFÍ ár hvert. Mótshaldari varðveitir bikarinn í eitt ár eða fram að næsta móti.

Sigurðarbikarinn er virðingurvottur af hálfu stjórnar UMFÍ fyrir fjölþætta og frábæra fram-kvæmd sem skilur eftir sig stórbætta uppbyggingu í mannvirkjagerð til íþróttar- og félagsmálastarfs í héraði og félagslegt átak af margvíslegum toga.

Ungmennasamband Borgfirðinga (UMSB) fékk bikarinn afhentan árið 2024.

MATMAÐUR UMFÍ

Sú hefð varð til á þingi UMFÍ árið 1979 að velja matmann UMFÍ.

Í lok síðustu máltíðar á þingi UMFÍ er matmaður UMFÍ útnefndur. Þetta getur verið þingfulltrúi eða stjórnarmaður UMFÍ. Dómnefnd sér um valið hverju sinni. Hún horfir meðal annars til framgöngu viðkomandi í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnífapara, borðsiða og stíls ásamt mörgu fleiru. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins hverju sinni og fyrrverandi matmanni. Matmaður UMFÍ fær afhentan ask úr tré og er hann farandgripur til varðveislu í tvö ár eða til næsta þings.

Birna Baldursdóttir, varaformaður Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) var útnefnd Matmaður sambandsþings UMFÍ árið 2023.





ÁRSREIKNINGUR 2023

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og aðildarfélaga í Ungmennafélagi Íslands

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settum reikningsskilareglum.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Ungmennafélagi Ísland í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öllum upplýsingum sem félagið birtir eins og ársreikningi og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki yfir aðrar upplýsingar en þær sem birtast í ársreikningi og nær ekki því ekki til skýrslu stjórnar ef frá er talin sú staðfesting sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar og kanna hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þeirrar þekkingar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti rangar. Ef við teljum að það séu verulegar rangfærslur til staðar í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ekkert hefur komið í ljós við endurskoðun okkar sem við teljum að skýra þurfi sérstaklega frá.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ungmennafélags Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 20. apríl 2024.
BDO ehf.



Sigrún Guðmundsdóttir,
löggitur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Rekstrarniðurstaða ársins er 29,8 m.kr. Þar af eru um 27,5 m.kr. fjármunatekjur. Afkoma Íslenskrar getspár, sem er jákvæð að fjárhæð 2,7 m.kr., færir afkomuna síðan í hagnað að fjárhæð 32,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 713 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er 592 m.kr. Eiginfjárhlutfall félagsins var 83% samanborið við 82% árið 2022.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Í byrjun árs 2023 flutti UMFÍ í nýja þjónustumiðstöð að Engjavegi 6. Húsnæðið er leigt af ÍSÍ. Upphaflega átti framkvæmdum að ljúka í lok árs 2022 en framkvæmdir drógust fram á árið 2023. Þar af leiðandi féll til framkvæmdakostnaður vegna nýrrar þjónustumiðstöðvar á árinu 2023, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Tekið skal fram að heildarkostnaður við framkvæmdir og standsetningu nýrrar þjónustumiðstöðvar á Engjavegi voru undir kostnaðaráætlunum þótt hluti framkvæmda færðist milli ára.


Um miðjan febrúar 2023 greindust myglu- og rakaskemmdir í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemi búðanna var stöðvuð í kjölfarið. Sveitarfélagið Bláskógabyggð, sem var eigandi húsnæðisins, ákvað að fara ekki í þær nauðsynlegu framkvæmdir á húsnæðinu sem þurfti til að halda starfsemi búðanna áfram. Stjórn og stjórnendur UMFÍ könnuðu möguleika á því að kaupa húsnæðið. Á endanum var málið metið svo að áætlaður kostnaður við kaup og framkvæmdir væri af þeirri stærðargráðu, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar sem byggðar voru á úttekt sérfræðinga, að ekki væri skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast eitt á hendur slíkar skuldbindingar. Á þeim forsendum var ákveðið að hætta starfsemi Ungmennabúðanna á Laugarvatni. Það hafði í för með sér verulegan kostnað og tjón fyrir UMFÍ. Segja þurfti upp öllu starfsfólki, fella niður bókanir út skólaárið og farga búnaði. Í október náðist samkomulag við sveitarfélagið Bláskógabyggð um að sveitarfélagið kæmi til móts við UMFÍ vegna áðurnefnds kostnaðar og tjóns.

Rekstur skólabúða á Reykjum hefur gengið samkvæmt áætlun. Sveitarfélagið Húnaþing vestra hefur unnið að umfangsmiklum endurbótum á húsnæði búðanna. Auk þess hefur UMFÍ keypt og endurnýjað mikið af tækjum og búnaði sem þarf til rekstrar skólabúðanna.

Á sambandsþingi UMFÍ sem haldið var á Hótel Geysi í Haukadalei í október 2023 var samþykkt að ráðstafa eftirstöðvum söluandvirðis Sigtúns 42 með stofnun tveggja sjóða. Lagðar voru 152 m.kr. í fjárfestingarsjóð og 75 m.kr. í þrautavarasjóð.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.


Í stjórn




Jóhann Steinar Ingimundarson
formaður




Ragnheiður Högnadóttir



Guðmundur G. Sigurbergsson




Málfríður Sigurhansdóttir



Gunnar Gunnarsson




Gunnar Þór Gestsson



Sigurður Óskar Jónsson




Rakel Másdóttir



Ásgeir Sveinsson




Hallbera Eiríksdóttir



Guðmunda Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri



Auður Inga Þorsteinsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2023

	Skýr.	2023	2022
REKSTRARTEKJUR			
Ríkisframlag	3	133.522.000	132.200.000
Lottó og Getraunir	4,11	384.009.479	358.133.349
Aðrar tekjur	5	315.097.232	229.775.458
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		0	161.036.140
		832.628.711	881.144.947
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	6	199.883.498	157.616.971
Lottó til sambandsaðila		297.047.489	278.185.346
Annar rekstrarkostnaður	7	296.045.444	290.482.166
Veittir styrkir	8	35.702.212	27.774.210
Afskriftir	10	1.643.000	1.620.500
		830.321.643	755.679.193
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- og fjármagnsliða		2.307.068	125.465.754
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
Fjármagnstekjur	9	28.043.098	12.413.463
Fjármagnsgjöld	9	(556.506)	(899.870)
		27.486.592	11.513.593
Rekstrarniðurstaða ársins		29.793.660	136.979.347
ÖNNUR HEILDARAFKOMA			
Liðir sem verða færðir yfir rekstrarreikning:			
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	11	2.753.754	9.588.712
Heildarafkoma ársins		32.547.414	146.568.059

YFIRLIT UM REKSTUR 2023

	Aðalsjóður	Ungmennna- og skólabúðir	Mótahald	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis- sjóður	Milliðeilda- viðskipti	Samtals
REKSTRARTEKJUR							
Ríkisframlag	115.162.850	11.683.050	6.676.100				133.522.000
Lottó og getraunir	357.688.815			26.320.664			384.009.479
Aðrar tekjur	61.541.428	211.703.862	48.456.742	8.295.200	1.700.000	(16.600.000)	315.097.232
	534.393.093	223.386.912	55.132.842	34.615.864	1.700.000	(16.600.000)	832.628.711
REKSTRARGJÖLD							
Laun og launatengd gjöld ...	95.965.634	97.624.224	6.293.640				199.883.498
Lottó til sambandsaðila	297.047.489						297.047.489
Annar rekstrarkostnaður ...	114.696.350	135.058.373	58.990.721			(12.700.000)	296.045.444
Veittir styrkir	5.580.000			32.171.712	1.850.500	(3.900.000)	35.702.212
Afskriftir	1.643.000						1.643.000
	514.932.473	232.682.597	65.284.361	32.171.712	1.850.500	(16.600.000)	830.321.643
Rekstrarmiðurstaða án fjármuna- og fjármagnshöa							
	19.460.620	(9.295.685)	(10.151.519)	2.444.152	(150.500)		2.307.068
Fjármagnstekjur	21.231.479			5.539.688	1.271.931		28.043.098
Fjármagnsgjöld	(556.506)						(556.506)
	20.674.973			5.539.688	1.271.931		27.486.592
Rekstrarmiðurstaða ársins	40.135.593	(9.295.685)	(10.151.519)	7.983.840	1.121.431		29.793.660

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Bifreiðar		7.866.000	7.346.500
		7.866.000	7.346.500
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutur í Íslenskri getsþá	11	248.158.872	245.405.118
		248.158.872	245.405.118
VELTUFJÁRMUNIR			
Óinnheimtar kröfur	12	14.017.198	24.326.298
Ógreiddar lottótekjur		37.517.653	26.851.229
Aðrar skammtímakröfur	13	7.109.381	3.947.816
Handbært fé	13	398.103.507	371.353.744
		456.747.739	426.479.087
Eignir		712.772.611	679.230.705

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Óráðstafað eigið fé	14	591.983.720	559.436.306
		<u>591.983.720</u>	<u>559.436.306</u>

SKAMMTÍMASKULDIR

Óskipt lottófé		29.638.899	21.212.503
Viðskiptaskuldir	15	16.752.509	26.529.272
Skuldbinding vegna rekstrarverkefna		0	15.000.000
Skuldbinding vegna sérverkefna	16	5.000.000	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	69.397.483	57.052.624
		<u>120.788.891</u>	<u>119.794.399</u>

Skuldir 120.788.891 119.794.399

Eigið fé og skuldir 712.772.611 679.230.705

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
REKSTRARHREYFINGAR			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarniðurstaða ársins		29.793.660	136.979.347
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.643.000	1.620.500
Breyting á skuldbindingu vegna rekstrarverkefna		(15.000.000)	15.000.000
Breyting á skuldbindingu vegna sérverkefna	16	5.000.000	0
Sölutap/(Söluhagnaður fastafjármuna)		537.500	(161.036.140)
Verðbætur langtímalána		0	147.427
		<u>21.974.160</u>	<u>(7.288.866)</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(3.518.889)	32.784.465
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		10.994.492	(40.505.768)
Handbært fé frá rekstri		<u>29.449.763</u>	<u>(15.010.169)</u>
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	10	(5.250.000)	(3.950.000)
Seldir aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	10	2.550.000	264.940.640
		<u>(2.700.000)</u>	<u>260.990.640</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Afborganir langtímaskulda - lán gert upp á árinu 2022		0	(19.808.164)
		<u>0</u>	<u>(19.808.164)</u>
Breyting handbærs fjár		26.749.763	226.172.307
Handbært fé í upphafi árs	13	371.353.744	145.181.437
Handbært fé í lok árs	13	<u>398.103.507</u>	<u>371.353.744</u>

SKÝRINGAR

1. STARFSEMI

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er “Ræktun lýðs og lands” og kjörorðið er “Íslandi allt”. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahérað og 5 félög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ með rúmlega 290 þúsund félagsmenn.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. UMFÍ stendur ennfremur fyrir verkefnum og mótahaldi í samstarfi við aðildarfélög sín.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2023 er gerður með hliðsjón af lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Þar sem við á hefur samiburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu ársreiknings þessa árs. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

MAT OG ÁKVARÐANIR

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

ÁHÆTTUSTJÓRNUN

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar á viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu nema ef verulegur vafi ríkir um innheimtu þeirra.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluvegi.

EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Eignarhlutdeild félagsins í samrekstri Íslenskrar getspár sf. hefur verið skilgreind sem fjáreign til sölu til samræmis við markmið stjórnar tengt eigninni. Bókfært verð eignarhlutarins er metið samkvæmt hlutdeildaraðferð og er eignarhlutdeildin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstrarafkomu Íslenskrar getspár. Mótteknar arðstekjur (lottótekjur) frá Íslenskri getspá eru tilgreindar meðal rekstrartekna en hluteild í afkomu umfram arðgreiðslur eru nú færðar meðal eigin fjár og tilgreindar í annarri heildarafkomu.

VIÐSKIPTAKRÖFUR

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður móttreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

LANGTÍMASKULDIR

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

3. RÍKISFRAMLAG

	2023	2022
Ríkisframlag - UMFÍ	115.162.850	105.760.000
Ríkisframlag - ULM	6.676.100	6.610.000
Ríkisframlag - Ungmennabúðir	11.683.050	19.830.000
	133.522.000	132.200.000

4. LOTTÓ OG GETRAUNIR

	2023	2022
Lottótekjur - UMFÍ	349.688.815	327.484.015
Lottótekjur - Fræðslu- og verkefnasjóður	26.320.664	24.649.334
Íslenskar getraunir	8.000.000	6.000.000
	384.009.479	358.133.349

5. AÐRAR TEKJUR

	2023	2022
Þáttökugjöld ungmenna- og skólabúða	124.776.100	124.420.923
Þáttökugjöld móta	10.560.896	9.440.150
Framlög til verkefna og viðburða	143.393.011	60.117.211
Framlög til verkefna - millideilda færslur	(6.400.000)	(2.700.000)
Sölutekjur útgáfu	15.620.000	22.859.548
Leigutekjur	2.616.249	2.826.853
Ýmsar tekjur	34.730.976	12.810.773
Ýmsar tekjur - millideilda færslur	(10.200.000)	0
	315.097.232	229.775.458

6. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

	2023	2022
Laun	164.831.539	125.240.586
Áunnið orlof, breyting	(115.672)	5.069.359
Tryggingagjald	11.717.927	9.194.194
Lífeyrissjóðsframlag	20.479.896	15.767.235
Sjóðagjöld - mótframlag	2.969.808	2.345.597
	199.883.498	157.616.971
Stöðugildi að meðaltali	18,5	16,2

7. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

	2023	2022
Húsnæðiskostnaður	99.387.473	110.241.918
Rekstur áhalda og tækja	15.571.558	2.888.881
Fæðiskostnaður ungmennabúða	26.718.975	26.483.261
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	17.646.506	10.600.023
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14.145.484	12.801.972
Þing- og samráðsfundir	14.541.649	2.833.335
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta	5.336.770	15.931.738
Önnur aðkeypt þjónusta	17.691.030	2.241.768
Önnur aðkeypt þjónusta - millideildafærslur	(10.200.000)	0
Rekstur tölvukerfa	10.610.356	12.825.632
Fræðsluverkefni	6.702.629	11.505.283
Útgáfa og kynningarkostnaður	22.016.386	35.204.795
Mótahald	56.799.128	50.595.284
Mótahald - millideildafærslur	(2.500.000)	(1.500.000)
Tap af sölu fastafjármuna (bifreiða)	537.500	0
Niðurfærsla krafna - breyting m ára	1.040.000	(2.171.724)
	296.045.444	290.482.166

8. VEITTIR STYRKIR

	2023	2022
Veittir styrkir - Fræðslu- og verkefnasjóður	32.171.712	25.009.210
Veittir styrkir - Umhverfissjóður	1.850.500	675.000
Veittir styrkir - Lýðháskólar	3.080.000	1.940.000
Veittir styrkir - Aðalsjóður	2.500.000	1.350.000
Millideilda færslur	(3.900.000)	(1.200.000)
	35.702.212	27.774.210

9. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

	2023	2022
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur	28.043.098	11.755.393
Gengishagnaður	0	658.070
	28.043.098	12.413.463
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Greiddir vextir og verðbætur	418.115	899.870
Gengistap	138.391	0
	556.506	899.870

10. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

	Bifreiðar og kerra	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	9.940.000	9.940.000
Selt og aflagt á árinu	(3.250.000)	(3.250.000)
Keypt á árinu	5.250.000	5.250.000
Staða í árslok	11.940.000	11.940.000
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	2.593.500	2.593.500
Selt og aflagt á árinu	(162.500)	(162.500)
Afskrift ársins	1.643.000	1.643.000
Staða í árslok	4.074.000	4.074.000
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	7.346.500	7.346.500
Bókfært verð í árslok	7.866.000	7.866.000

Afskriftarhlutföll

20%

Vátryggingaverðmæti lausafjármuna, annarra en bifreiða, nam í árslok 47,7 m.kr.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir - Þrastaskógi	4.033.000	3.189.000
Aðrar lausafjártryggingar		47.477.000
	4.033.000	50.666.000

11. EIGNARHLUTUR Í ÍSLENSKRI GETSPÁ

Félagið hefur eftirfarandi hagsmuni í sameiginlegu verkefni:

Félagið á 13,33% hlutdeild í Íslenskri getspá sf. sem er sameignarfélag en meðeigendur félagsins eru Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands sem á 46,67% hlut og Öryrkjabandalag Íslands sem á 40% hlut.

	Hlutdeild	Stofnfé
Íslensk getspá sf.	13,33%	440.864
	31.12.2023	31.12.2022
Staða í ársbyrjun	245.405.118	235.816.406
Hlutdeild í afkomu	378.763.230	361.722.061
Lottótekjur	(336.019.476)	(318.808.349)
Viðbótarúthlutun Íslenskrar getspár sf.	(39.990.000)	(33.325.000)
Staða í árslok	248.158.872	245.405.118
Hækkun á milli ára	2.753.754	9.588.712

12. ÓINNHEIMTAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur félagsins um áramótin eru útistandandi gjöld fyrir Ungmenna- og skólabúðir.

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	15.057.198	24.326.298
Niðurfærsla krafna	(1.040.000)	0
	14.017.198	24.326.298

Niðurfærsla krafna er krafa á Veraldarvini sem gistu á Reykjum.

Niðurfærslureikningur krafna í upphafi árs	0	2.171.724
Breyting á niðurfærslureikningi á árinu	1.040.000	(2.171.724)
	1.040.000	0

13. AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR OG PENINGALEGAR EIGNIR

	31.12.2023	31.12.2022
Aðrar skammtíma kröfur		
Endurgreiddur fjármagnstekjuskattur	1.050.459	2.553.368
Húnaþing vestra húsaleigutrygging	6.000.000	0
Fyrirfram greidd laun	0	989.555
Aðrar kröfur - inneign á virðisaukaskatti	58.922	404.893
	7.109.381	3.947.816
Laust fé		
Bankainnistæður - Aðalsjóður	57.481.065	270.292.746
Bundið fé		
Bankainnistæður Þrautavarasjóður	76.329.688	0
Bankainnistæður Fjárfestingasjóður	154.694.833	0
Bankainnistæður Fræðslu- og verkefnasjóður	90.881.076	84.684.126
Bankainnistæður Umhverfissjóður	18.716.845	16.376.872
	340.622.442	101.060.998
Handbært fé í árslok	398.103.507	371.353.744

Á sambandsþingi UMFÍ 2023 var samþykkt að leggja eftirstöðvar söluverðs Sigtúns 42 í tvo sjóði, Fjárfestingasjóð og Þrautavarasjóð. Hlutverk Fjárfestingasjóðs er að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjármunum til hagsbóta fyrir hreyfinguna og eflingar starfsemi UMFÍ en hlutverk Þrautavarasjóðs er að verja UMFÍ fyrir umtalsverðum óvæntum og ófyrirséðum áföllum þannig að ekki komi til þess að draga þurfi úr starfsemi félagsins eða taka fé að láni vegna þeirra. Reglugerðir eru um báða sjóðina. Til að ganga í fé sjóðanna þarf samþykki 2/3 hluta stjórnarmanna.

Fræðslu- og verkefnasjóður og Umhverfissjóður eru sjóðir sem hvor um sig hafa sérstaka stjórn sem tekur ákvarðanir um úthlutanir skv. reglugerðum sjóðanna. Einungis á sambandsþingi er hægt að breyta reglugerðum sjóðanna.

14. YFIRLIT YFIR EIGIÐ FÉ

	Eignarhluti í Ísl. getspá	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í upphafi árs 2022	235.816.406	177.051.840	412.868.247
Rekstrarniðurstaða ársins		136.979.347	136.979.347
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	9.588.712		9.588.712
Eigið fé í lok árs 2022	245.405.118	314.031.187	559.436.306
Rekstrarniðurstaða ársins		29.793.660	29.793.660
Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf.	2.753.754		2.753.754
Eigið fé í lok árs 2023	248.158.872	343.824.847	591.983.720

15. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

	31.12.2023	31.12.2022
Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	16.752.509	26.529.272
	16.752.509	26.529.272
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	23.144.061	24.725.125
Ógreiddir styrkir	29.965.075	28.259.210
Fyrirfram innheimtar tekjur	16.288.347	3.573.523
Aðrar skuldir	0	494.766
	69.397.483	57.052.624
Fyrirfram innheimtar tekjur - frekari greining:		
Udannelse lýðháskólastyrkir	5.279.947	3.086.968
Rannís / Erasmus styrkur - Ungt fólk og lýðræði	0	486.555
Aðrir ónotaðir styrkir	11.008.400	0
	16.288.347	3.573.523

16. SKULDBINDING VEGNA REKSTRARVERKEFNA

Styrkur til Grindavíkur	1.000.000
Sérverkefni aðalsjóður, launakostnaður	4.000.000
	5.000.000

17. UPPLÝSINGAR UM LEIGUSAMNINGA

Félagið leigir Reyki í Hrótafirði. Húsaleigusamningurinn gildir í 10 ár frá 22.8.2022 með möguleika á endurnýjun í lok leigutímans. Leigufjárhæðin er verðtryggð mv. vísitölu neysluverðs og breytist tvisvar sinnum á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Þjónustumiðstöð UMFÍ er í leiguhúsnæði að Engjavegi 6, 104 Reykjavík sem leigt er af Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands. Samningurinn gildir í 10 ár frá 1.9.2022 og er verðtryggður með byggingarvísitölu til breytinga á 6 mánaða fresti.

	31.12.2023	31.12.2022
Áhrif ofangreindra leigugreiðslna í rekstrarreikningi er:		
Annar rekstrarkostnaður	40.949.964	33.256.609
		Leigugreiðslur
Áætlaðar ónúvirtar leigugreiðslur félagsins greinast þannig á næstu árum:		
Leigugreiðslur 2024		41.870.304
Leigugreiðslur 2025		41.870.304
Leigugreiðslur 2026		41.870.304
Leigugreiðslur 2027		41.870.304
Leigugreiðslur 2028		41.870.304
Leigugreiðslur síðar		153.524.448
		<u>362.875.968</u>

Um miðjan febrúar 2023 greindust myglu- og rakaskemmdir í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni og var starfsemi búðanna stöðvuð í kjölfarið. Sveitarfélagið Bláskógabyggð, sem var eigandi húsnæðisins, ákvað að fara ekki í þær nauðsynlegu framkvæmdir á húsnæðinu sem þurfti til að halda starfsemi búðanna áfram. Stjórn og stjórnendur UMFÍ könnuðu möguleika á því að kaupa húsnæðið. Á endanum var málið metið svo að áætlaður kostnaður við kaup og framkvæmdir væri af þeirri stærðargráðu, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar, að ekki væri skynsamlegt fyrir UMFÍ að takast eitt á hendur slíkar skuldbindingar. Á þeim forsendum var ákveðið að hætta starfsemi Ungmennabúðanna á Laugarvatni. Það hafði í för með sér verulegan kostnað og tjón fyrir UMFÍ. Segja þurfti upp öllu starfsfólki, fella niður bókanir út skólaárið og farga búnaði. Í Október náðist samkomulag við sveitarfélagið Bláskógabyggð um að sveitarfélagið kæmi til móts við UMFÍ vegna áður nefnds kostnaðar og tjóns.

18. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ungmennafélag Íslands er skráður eigandi að 45 hektara landspildu í Þrastaskógi við Sog. Félagið fékk landið að gjöf á árinu 1911, með þeirri kvöð að ekki er heimilt að selja eða veðsetja umrædda landspildu. Í ljósi takmarkaðs ráðstöfunar- og nýtingaréttar er þessi eign ekki skráð í efnahagsreikning með öðrum eignum félagsins.

20. FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	2023	2022
Tekjur		
Lottótekjur	26.320.664	24.649.334
Ósóttir bakfærðir styrkir	8.295.200	12.110.773
	<u>34.615.864</u>	<u>36.760.107</u>
Gjöld		
Veittir styrkir	32.171.712	25.009.210
	<u>32.171.712</u>	<u>25.009.210</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	<u>2.444.152</u>	<u>11.750.897</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)		
Vaxtatekjur	5.539.688	2.307.660
	<u>5.539.688</u>	<u>2.307.660</u>
Rekstrarniðurstaða	<u>7.983.840</u>	<u>14.058.557</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	4.724.657	2.382.402
Handbært fé	90.881.076	84.684.126
	<u>95.605.733</u>	<u>87.066.528</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	59.307.318	45.248.761
Afkoma ársins	7.983.840	14.058.557
	<u>67.291.158</u>	<u>59.307.318</u>
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	28.314.575	27.759.210
	<u>28.314.575</u>	<u>27.759.210</u>
	<u>95.605.733</u>	<u>87.066.528</u>

21. UMHVERFISSJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2023	2022
Tekjur			
Önnur framlög		1.200.000	1.200.000
Ósóttir bakfærðir styrkir		500.000	700.000
		<u>1.700.000</u>	<u>1.900.000</u>
Gjöld			
Veittir styrkir		1.850.500	675.000
		<u>1.850.500</u>	<u>675.000</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		<u>(150.500)</u>	<u>1.225.000</u>
Fjármagnstekjur og (gjöld)			
Vaxtatekjur		1.271.931	533.773
		<u>1.271.931</u>	<u>533.773</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>1.121.431</u>	<u>1.758.773</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	31.12.2023	31.12.2022
Eignir		
Krafa á eigin sjóði	48.362	116.404
Handbært fé	18.716.845	16.376.872
	<u>18.765.207</u>	<u>16.493.276</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé		
Eigið fé 01.01	15.993.276	14.234.503
Afkoma ársins	1.121.431	1.758.773
	<u>17.114.707</u>	<u>15.993.276</u>
Skuldir		
Ógreiddir styrkir	1.650.500	500.000
	<u>1.650.500</u>	<u>500.000</u>
	<u>18.765.207</u>	<u>16.493.276</u>

LÖGUMFÉI

LÖG UMFÍ

I. KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ

1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ

3. grein

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykktri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttaha og ættjörð.

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein

UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hvert aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaganum eftir ákvörðun Sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í mál-efnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dag-skrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga.
- 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga.

Þingfulltrúar félaga með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða stað-genglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmaett ef löglega er til þess boðað og maettur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn.
- Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd,
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ.

Aukaþing er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.
Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

Aukasambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta Sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðs-frestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir fögum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþróttar sé eins góð og kostur er.
- Almenningsi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélags-hreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sam-eina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukáþingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukáþinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukáþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukáþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

16. grein

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótækna má aðeins breyta á lögmætu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til laga-breytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

*Samþykkt á 52. Sambandsþingi
UMFÍ 2021 á Húsavík.*



Ársskýrsla Ungmennafélags Íslands 2024

Ungmennafélag Íslands
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929 / umfi@umfi.is

Ritstjórar: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Ragnheiður Sigurðardóttir

Ljósmyndir: Davíð Már Sigurðsson, Valgarður Gíslason, Davíð Þór Friðjónsson, Sumarliði Ásgeirsson, Bríet Guðmundsdóttir, Hafsteinn Snær Þorsteinsson, Hulda Margrét Óladóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Tjörvi Týr Gíslason og fleiri.

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson

Prentun: Pixel, umhverfisvæn prentsmiðja

Október 2024

[umfi.is](#)

ÁRSSKÝRSLA 2024

45. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ | ÁRSREIKNINGUR 2023

UMFÍ